

BÓNDAVARÐAN

30. NÓVEMBER 2023. 23. ÁRGANGUR

MÚLAÞING



Gleðilega hátíð

Ljósmynd: Þuríður Elísa Harðardóttir

KÆRU ÞEGNAR DJÚPAVOGS Í MÚLAÞINGI

ÞORRABLÓTIÐ 2024 VERÐUR HALDIÐ

LAUGARDAGINN 3.FEBRÚAR Á HÓTEL FRAMTÍÐ

TAKIÐ ÞACINN FRÁ!



ÁVARP SVEITARSTJÓRA



Kæru íbúar.

Undanfarið hefur verið unnið að gerð fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins fyrir komandi ár og næstu þrjú ár þar á eftir (árin 2024-2027). Þegar að unnið var að gerð ramma-áætlunar í vor þá var ég ekki bjartsýnn á að við næðum að uppfylla þau markmið er við höfðum sett okkur. Annars vegar, hvað varðar rekstur sveitarfélagsins, og hins vegar varðandi fyrirhugaðar fjárfestingar. En miðað við þá áætlun sem fer fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu þá sýnist mér að við munum ná að standa við uppsettar áherslur bæði hvað varðar rekstur og fjárfestingar sem ber að fagna. Það hefur svo sem legið fyrir að rekstur samstæðu A og B hluta sveitarfélagsins yrði í góðu lagi en það sem er okkar markmið er að sveitarsjóður (A-hluti) verði sjálfbær þannig að til lengri tíma litið standi hann að fullu undir rekstri og afborgunum lána vegna fjárfestinga innan sveitarsjóðs auk þess að vægi eigin fjár til fjárfestinga aukist.

Ég hef áður vakið athygli á því að ein af meginstoðum okkar ágæta sveitarfélags sé fjölbreytileikinn, bæði hvað varðar atvinnulíf og menningu. Við byggjum ekki á einni atvinnugrein heldur er hér öflug starfsemi á vettvangi landbúnaðar, fiskvinnslu, fiskeldis, bygginga- og jarðvinnuverktaka, sérfræðiþjónustu auk verslunar-, veitinga- og ferðaþjónustu. Einnig búum við að öflugri lista- og menningarstarfsemi í öllum kjörnum

Múlaþings sem er útlit fyrir að haldi áfram að þróast. Þetta er nokkuð sem er afar mikilvægt fyrir okkur sem erum svo lánsöm að búa hér sem og til að gera okkur að eftirsóttum áningarstað fyrir gesti hvaðanæva að. Það er mikilvægt að við áttum okkur á því að þessir málaflokkar hafa jákvæð áhrif hvor á annan á þann hátt að efling lista- og menningar hefur jákvæð áhrif á þróun atvinnulífs og efling atvinnulífs leiðir af sér jákvæðni í þróun menningar- og lista. Ég ætla ekki að tiltaka sérstök dæmi hér en tilvikin eru mörg í okkar ágæta samfélagi sem sanna þetta og því mikilvægt að unnið varði áfram með virku og gefandi samtali á milli þessara greina.

Mannauðurinn er hverju samfélagi mikilvægur og er því lögð á það áhersla í okkar framtíðarsýn að mæta því með uppbyggingu grunninnviða á komandi árum. Í dag er ég á því að við séum vel stödd hvað varðar grunnþjónustu á vegum sveitarfélagsins. Það er hins vegar ljóst að við þurfum að gera ráð fyrir áframhaldandi grunnviðaupbyggingu í öllum byggðakjörnum þannig að okkar ágæta samfélag verði áfram vænlegur búsetukostur bæði fyrir yngri og eldri íbúa þess. Í fjárfestingaráætlun sveitarfélagsins fyrir komandi ár er horft sérstaklega til þessa.

Bættar samgöngur bæði innan sveitarfélagsins, innan Austurlands og við aðra landshluta er nokkuð sem fulltrúar sveitarfélagsins leggja mikla áherslu á í samskiptum við stjórnvöld (Vegagerðin, þingmenn og ríkisstjórn). Lögð er gífurleg áhersla á aðheilsársvegur um Öxi verði að veruleika enda mun sú samgöngubót ekki aðeins leiða til um 70 km styttingar akstursleiðar á milli Egilsstaða og Djúpavogs, heldur erum við að tala um styttingu á milli landshluta sem hefur veruleg áhrif til lækkunar kostnaðar vegna vöruflutninga m.a. Mikilvægt er að hafist verði handa við framkvæmd Fjarðarheiðarganga sem tryggja ekki aðeins traustar samgöngur fyrir íbúa á milli Seyðisfjarðar og Egilsstaða heldur erum við þar með að tryggja stöðugan aðgang að ferjuhöfninni á Seyðisfirði, sem snýr ekki aðeins að ferðamönnum heldur er þar um að ræða verulega vöruflutninga inn og út úr landinu. Mikilvægt er einnig að samhliða framkvæmdum við Fjarðarheiðargöng verði farið í hönnun á göngum milli Seyðisfjarðar og Norðfjarðar um Mjóafjörð sem hægt verði að ráðast í strax í framhaldi Fjarðarheiðarganga. Sú hringtenging sem þá skapast mun hafa mjög jákvæð áhrif fyrir Austurland allt bæði varðandi öryggismál sem og aðgengi að atvinnu óháð búsetu. Einnig er á það lögð áhersla að hafnar verði sem fyrst framkvæmdir við Egilsstaðaflugvöll sem fela í sér hliðarbraut við núverandi flugbraut sem mun skapa aukna möguleika á að taka við fleiri farþegavélum. Aðstaðan eins og hún er í dag er mjög takmörkuð og ekki ásættanleg eigi völlumurinn að standast kröfur sem fyrsti varflugvöllur landsins.

Skipulagsvinna vegna stækkunar Seyðisfjarðarhafnar er hafin og skiplagning vegna stækkunar Djúpavogshafnar (í Gleðivíkinni) er í undirbúningi. Um er að ræða framkvæmdir sem munu hafa mikil áhrif á framtíðaruppbyggingu hafnsækinnar starfsemi sem og þjónustu við fiski- og skemmtiferðaskip.

Ég gæti sjálfsgagt haldið endalaust áfram en ætla ekki að þreyta ykkur með frekari lestri að sinni en óska okkur öllum farsældar og gleðilegra komandi stunda (aðdraganda jóla, jólahátíð og nýtt ár).

Sveitarstjóri.

NÝIR ÍBÚAR

Enn bætist gæðafólk við mannauð Djúpavogs. Fimm nýir einstaklingar hafa bæst við þennan heim frá síðustu upptalningu Bóndavörðunnar. Til hamingju heimurinn með alla þessa snillinga!



Hér er **Ylfa Örskristjánsdóttir Austman**

- Þyngd við fæðingu: 3975 gr.
- Lengd við fæðingu: 52 sm.
- Fæðingarstaður: Reykjavík.
- Fæðingardagur: 8. janúar 2023.
- Foreldrar: Kolbrún Ósk Austmann og Kristján Gunnarsson.
- Hvað finnst barninu skemmtilegast að gera: Hún er ótrúlega brosmild og kát þannig að henni finnst flest skemmtilegt. Mest gaman að leika við bræður sína.



Hér er **Friðrik Stefán Dagsson Árdal**

- Þyngd við fæðingu: 3350 gr.
- Lengd við fæðingu: 50 sm.
- Fæðingarstaður: Landspítalinn í Reykjavík.
- Fæðingardagur: 29. ágúst 2023.
- Foreldrar: María F. Árdal og Dagur Björnsson.
- Hvað finnst barninu skemmtilegast að gera: Brosa og drekka.



Hér er **Óskirður Reyes**

- Þyngd við fæðingu: 3910 gr.
- Lengd við fæðingu: 53 sm.
- Fæðingarstaður: Neskaupsstaður.
- Fæðingardagur: 4. september 2023.
- Foreldrar: Systa og Justin.
- Hvað finnst barninu skemmtilegast að gera: Vera í góðum örmum og hjala.



Hér er **Una Katrín Dagsdóttir**

- Þyngd við fæðingu: 4525 gr.
- Lengd við fæðingu: 50 sm.
- Fæðingarstaður: Reykjavík.
- Fæðingardagur: 24. september 2023.
- Foreldrar: Eygló Valdimarsdóttir og Dagur Hákon Rafnsson.
- Hvað finnst barninu skemmtilegast að gera: Fylgjast með stóra bróður og láta halda á sér.



Hér er **Karólína Ósk Birkisdóttir**

- Þyngd við fæðingu: 3660 gr.
- Lengd við fæðingu: 51,5 sm.
- Fæðingarstaður: Landspítalinn.
- Fæðingardagur: 28. september 2023.
- Foreldrar: Alexandra Karen & Birkir Fannar.
- Hvað finnst barninu skemmtilegast að gera: Hún er nú enn svo lítil að henni finnst bara skemmtilegast að liggja á brjósti og svo þykir henni agalega gott að fara í sturtu/bað



Við óskum viðskiptavinum okkar og austfirðingum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.



**Hótel
Framtíð**

VEGUR HEILAGS JAKOBS ! BUEN CAMINO

Áhugi minn á útivist hefur fylgt mér frá blautu barnsbeini. Ég rek það til uppeldis míns á Djúpavogi þar sem ég er fæddur og hef alið manninn stóran hluta af minni ævi. Svæðið milli Streitis og Þvottáskriða er frá náttúrulegu og sögulegu sjónarmiði afar áhugavert. Rekja má sögu svæðisins allt til landnámu, en sú sögn hefur lifað að Ingólfur Arnarson og Hjörleifur hafi haft vetursetu á Geithellum í Álftafirði á sinni fyrstu ferð til Íslands. Þá hafi fyrsta kristna skírnin sem framkvæmd er á Íslandi farið fram á Þvottá í Álftafirði.

Það var á vordögum sem ég fór að skoða þann möguleika fyrir alvöru að ganga Jakobsveginn sem hefur verið farbraut manna í meira en þúsund ár og er ein þekktasta pílgrímsleið í Evrópu.



Ganga mín hófst þann 20. ágúst 2023 í bænum Saint – Jean – Pied – de – Port sem er á landamærum Frakklands og Spánar. Ég gekk til Santiago de Compostela sem er í héraðinu Galísíu á Spáni. Ég hafði sett mér það markmið að fara einn og haga göngunni þannig að síður yrði hætt á meiðslum eða öðrum kvillum sem kæmu í veg fyrir að ég gæti lokið göngu minni um Jakobsveginn. Ég tók ekki hvíldardag og planið gekk upp og ég komst á leiðarenda án tiltekinna vandræða á 32 dögum og hafði þá lagt að baki 783,6 km sem gera um 25 km að jafnaði á dag.

Ganga eftir Jakobsveginum var ein af þremur leiðum sem veittu syndaaflausn samkvæmt kaþólsku kirkjunni. Ekki get ég dæmt um hvort ganga mín þessa leið veitti mér syndaaflausn, en þrátt fyrir það uppfyllti ferðin allar mínar væntingar til göngunnar sem endaði í Santiago de Compostela.

Leiðin sem ég fór er sú vinsælasta og kallast franska leið eða Camino Francés. Spánverjar telja edlilegt að hefja gönguna við Pýreneafjöllin sem ég og gerði í bænum Saint-Jean-Pied-de-Port og lauk göngunni í bænum Santiago de Compostela.

Pílgrímaferðir kenndar við Jakob hófust á níundu öld þegar gröf Jakobs postula, sem var einn af lærisveinum Jesú, fannst í Galícíu. Margar útgáfur eru til að sögunni um fund hinnar helgu grafar. Alfonso II konungur Galícíu sem sat við stjórnvölinn þegar gröfin fannst, gerði Jakob að verndardýrtingi og lét reisa kirkju yfir líkamsleifar hans í Compostela. Kristnin átti í vök að verjast á þessum tíma og var þessi „fundur“ grafar Jakobs því óspart nýttur í þágu kristninnar. Pílgrímaferðir til Santiago de Compostela hófust í kjölfarið og uxu jafnt og þétt milli 10. og 15. aldar.

Þó svo að engin syndaaflausn fáiast sjálfkrafa lengur að pílgrímsferð lokinni þá hefur dómkirkjan í Santiago de Compostela sett upp reglur fyrir að reiknast sem pílgrímur og fá viðurkenningarskjal sem sanna það. Í fyrsta lagi þarf að bera með sér pílgrímavegabréf, sem má fá í Saint-Jean-Pied-de-Port eða í kirkjum á upphafsstöðum og safna stimplum á öllum viðkomustöðum. Pílgrímavegabréf, sem ég fékk á upplýsingaskrifstofu í Saint-Jean-Pied-de-Port í upphafi ferðarinnar skilaði ég inn með yfir 100 stimplum sem ég safnaði á leið minni á viðkomustöðum, við komu mína í Dómkirkju heilags Jakobs í Santiago. Með þetta veganesti var mér afhent viðurkenningarskjal sem ég mat að samsvari syndaaflausn.

Gönguleiðin sem ég fór er vel merkt með gulum örvum á ljósastaurum, steinum, vegköntum, trjám og með steiptum skeljum á gangstéttum borga og húsveggjum. Að fara í slíkan leiðangur gangandi einn er gefandi fyrir líkama og sál. Það kom aldrei upp að hætta við eða stytta leiðina. Hver dagur var upplifun, enda naut ég hverrar mínútu í ferðinni. Með góðu skipulagi og það markmið að ætla sér ekki of mikið hvern dag, skilur eftir minningar um ferð sem hafði jákvæð áhrif á sál og líkama. Ganga sem þessi kallar á gott skipulag á því sem maður tekur með sér. Mikilvægt er að hafa bakpokann ekki of þungan, því hann lætur vita af sér í löngum dagleiðum fari hann ekki vel á baki og sé innan marka í þyngd. Bakpokinn minn var 8,7 kg sem var innan marka, auk þess sem hann fór vel á baki.

Dagleiðirnar voru um 25 km, stundum skemmri og stundum lengri sem tók mið af meðal annars ástandi göngustíga, hvort um fjalllendi væri að ræða, auk þess sem taka varð tillit til þess hvort gistirými væri innan seilingar og hvort hægt væri að fá eitthvað matarkyns. Þá voru búðir sem seldu matvæli ekki á hverju horni, auk þess sem þær voru yfirleitt lokaðar yfir heitasta tímenn frá kl. 14:00 -17:00. Fjöldi þorpa/staða/bæja sem ég fór í gegnum taldist mér vera um 177. Gististaðir voru almennt góðir, þó svo að finna mætti staði sem tók smá tíma að selja pjöttuðum karli gistiþláss. Tímenn sem ég valdi í gönguna hentaði mér vel. Það komu 3-4 dagar sem voru nokkuð heitir, þar af einn sem ég ákvað að stytta dagleiðina. Þá komu nokkrir rigningardagar sem með góðum regnfatnaði höfðu ekki áhrif á gönguna.

Þegar ég fór að nálgast Santiago de Compostela og sjá fram á hvaða dag ég yrði þar þá festi ég mér ferð með Play frá Oporto sem skilaði mér til Keflavíkur. Rúta gekk frá rútabílastöðinni í Santiago á flugvöllin í Oporto og tók aksturinn um fjórar klukkustundir.

Ólafur Áki Ragnarsson

24. OKTÓBER 2023

Þann 24. október síðastliðinn var efnt til allsherjar verkfalls kvenna og kvára þar sem þau voru hvött til að mæta ekki til vinnu, annast ekki börnin, standa ekki „þriðju vaktina“ og eftirláta körlunum að sinna heimilinu, börnunum, eldra fólkinu og öllu hinu meðfram sinni fullu vinnu. Þátttaka var mikil um allt land og var íslenskt samfélag meira og minna í lamasessi þennan dag. Konur á Djúpavogi voru þar ekki undantekning og lögðu margar niður störf sín. Meðal annars var grunnskólinn og leikskólinn lokaður þennan dag sem eru tveir fjölmennustu vinnustaðir þorpsins. Margar konur á Djúpavogi komu svo saman um kvöldið og sameinuðust yfir kvöldverði á Hótel Framtíð þar sem ýmis mál voru rædd og rifuð upp. Guðrún Aradóttir fór með kvæði eftir Hrönn Jónsdóttur sem vakti mikla lukku og fékk Bóndavardan leyfi höfundar að birta það hér í blaðinu. Kvæðið var upphaflega flutt 19.júní á hátíðis- og baráttudegi kvenna 2001 en konur á Djúpavogi hafa gjarnan hisst í Löngubúð þann dag ár hvert. Þórdís Sævarsdóttir fór einnig með ljóð eftir *Hund í óskilum* sem skilur engan eftir ósnertan og nær glögglega að klófesta það sem öll baráttan snýst einmitt um.

Proskasaga konunnar

Eftir Hrönn Jónsdóttur, Sæbakka

Þótt Hákon hafi lífshlaupinu lýst í snjöllu kvæði um lostaferil karlmannsins og ýmis kynlífsfræði í öllum þessum lestri hann hvergi á það minnst hvað orkar best á konur né hvað þeim um málið finnist.

Það kemur oft á stelpurnar strákana að passa strjúka þeim að neðan og skeina þeirra rassa svo þær frá blautu barnsbeini ýmsu vanar eru og enga virðingu hafa fyrir karltákninu beru.

Síðan eldast piltarnir og sýna sig í flokkum og setja ofan í brækurnar þar af gömlum sokkum, þeir halda að veika kynið hrífist af því bralli og hreðjamikill náungi sé eins og goð á stalli.

Síðan ef að gæjarnir geta nælt í píu þeir gera það í hvelli án nærgætni og hlýju oft þá hugsa meyjarnar er upp þeir aftur spretta: Er ástarlífið þá ekki merkilegra en þetta?

Unga stúlkan giftist og oft á góðar stundir en áður en varir eru börnin komin undir í kynlífinu er sjaldgæft að kona sælu finni ef kvalin er af brjóstsviða og morgunógleðinni

Næstu áratugi er annað upp á borði ungabörn og skuldir en lítill orkuforði til erótískra leikja þótt ástarþráin blundi er erfitt hana að vekja á stuttum næturblundi.

Nú er tíminn naumur sem nota má í ástir með næturvinnu tekjumöguleikar eru skástir og þegar loksins hjónakornin hittast seint á kvöldin hormónarnir sofa og þreytan tekur völdin


En vissulega undantekning er á öllu saman og ýmsar konur hafa af karlafari gaman en aðrar finna leiðir sem ástarvana þreyja og iðka margt í leyni sem þær ekki segja.

Á miðjum aldri er konan oft mjög í góðu standi en maðurinn í kreppu þá skapast nokkur vandi með ástarlyfjatöflum er ýmis vandi leystur en annað kann að skorta þegar limurinn er reistur

Því verða karl og kona að kunna að vinna saman sinn kynlífsóska og þá fyrst verður gaman þá skiptir engu máli þótt aldur færast yfir og erótíkin blómstrar á meðan þú lifir.

Samið fyrir 19.júní 2001 og flutt á kvennafrídeginum síðastliðinn 24.október á Hótel Framtíð.

**Heföbundin áramótabrenna Neista á
Hermannastekjum verður á gamlársdag kl. 17:00.
Nánar auglýst þegar nær dregur.**



Hún amma mín

Eftir: Hundur í óskilum

Hún amma mín átt sér draum
þó efni og ráð væru naum;
Að lifa við gleði og glaum
Og gefa sér lausan taum.

Þá kom hann Brynjólfur Beck
bóndi á Litlastekk
sem eiga hana ömmu fékk
og amma með honum gekk.

Amma mín eignaðist börn
átján í snarpri törn,
ódæl og uppreisnargjörn
og alltaf með tóma görn.

Amma mín eldaði og spann,
og æðrulaus vann og vann.
Hún lifði með sóma og sann
og sorgir og gleði fann.

Hún bætti allt sem bagaði
er birti og dagaði,
stoppaði og stagaði
straujaði og lagaði.
Steikti og strokkaði
staflaði og flokkað.
Kássurnar kokkaði
og krakkana lokkaði.
Bakaði og bruggaði
og börnunum stuggaði.
Hjúkraði og huggaði,
róaði og ruggaði.
Sussaði og svæfði
og sokkana þæfði
kveinstafi kæfði
og kvöldsönginn æfði,
bíbí og blakaði
og bænirnar kvakaði.

Svo lagaði hún lakið,
lagðist á bakið
losaði um takið.
Horfði upp í þakið,
hlustaði á brakið
(hélt kannski skakið
hefði einhvern vakið.)

Um síðir hún sofnaði
síþreytan dofnaði,
draumurinn rofnaði.
Seinni part nætur
fór hún á fætur,
gaf öllu gætur.
Skaraði í glóðir,
hitaði hlóðir
hrímhvíta móðir.
Fór svo í fjósið,
fýraði upp ljósið,
bolanum brynnti
og beljunn sinni.
Mjólkaði og mokaði
og mjöltunum þokaði.

Lengst inn með lindum
hún leitaði að kindum
rak þær til rétta
og rúði upp við kletta.
Hjörðinni hóaði
er haustaði og snjóaði,
kvíarnar króaði
og lömbunum lógaði.
Heyjaði og og hirti,
og hagana gyrti.
Rakaði og rifjaði
reiddi og klyfjaði.

Lengst inn með lindum
hún leitaði að kindum
rak þær til rétta
og rúði upp við kletta.
Hjörðinni hóaði
er haustaði og snjóaði,
kvíarnar króaði
og lömbunum lógaði.
Heyjaði og og hirti,
og hagana gyrti.
Rakaði og rifjaði
reiddi og klyfjaði.

Hún amma til elli bjó
í örreytiskoti við sjó.
Loks hafði hún lifað nóg,
lagðist í bólið og dó.

Hún leiði og legstein fékk
að lokum við hlið síns manns
Þar hvílir Brynjólfur Beck
bóndi - og kona hans.

Gleðilega hátíð og farsælt komandi ár

Íbúar gamla Djúpavogshrepps fá 15% afslátt
Lokum 14. desember.

www.geislar.is



*Gleðileg jól og
farsoelt komandi ár*



*Kærar þakkið fyrir sumarið og
móttökurnar á matarvagninum.*

Sjáumst næsta vor



FÁNA ÚR APOLLO 11 FLAGGAÐ Á KLIFINU



Fanný Dröfn & Lynn Jones við Hvíldarklett

Í sumar vann ég meðal annars við leiðsögn eins og undanfarin sumur. Ég hitti mikið af áhugaverðu og skemmtilegu fólki frá öllum heimshornum. Þar á meðal bandaríska konu sem bað mig að hitta sig eftir skipulögðu ferðina. Hún vildi hitta mig við Hvíldarklett þar sem Búlandstindurinn blasti við í sinni fegurstu mynd. Hún hafði heillast af staðnum og þegar ég hafði nefnt það að við vinkonurnar ætluðum að freista þess að klífa tindinn í lok dags, langaði hana að að taka mynd af mér á þessum magnaða stað með einhvern sérstakan fána sem hún var með um borð í skemmtiferðaskipinu sem hún kom með. Ég áttaði mig ekki á neinu en til að svara forvitninni lét ég til leiðast.

Fáninn var bandarískur, ofinn úr silki. Hún hafði erft hann eftir föður sinn. Fáninn hafði verið um borð í Apollo 11 þegar Neil Armstrong og félagar stigu fyrstu spor mannkyns á tunglinu, 20. júní 1969.

Ég fékk leyfi til að taka upp frásögn konunnar, sem heitir Lynn Jones um hvernig fáninn rataði í vörslu þabba hennar. Hér er bein þýðing af því sem hún hafði að segja: „Faðir minn hét Harry Morrison og var einn af hönnuðum kælíbúnaðar fyrir S4 eldflaugakerfið sem knúði lendingarferð sem notað var við fyrstu tungllendinguna. Hann sá einnig um að þjálfra geimfarana í notkun þess og svipaðra kerfa í Apollo flaugunum og síðar í geimskutlunum. Neil Armstron gaf föður mínum fánann.“

Fanný Dröfn Emilsdóttir

LJÓÐ FRÁ STEFÁNI SKAFTA

Bóndavörðunni hefur borist kveðja frá Stefáni Skafta ættuðum frá Hamri í Hamarsfirði, sonur Hrefnu Ólafsdóttur frá Hamri og Steinólfs Lárussonar. Ljóðið er eftir Jón Sigurðsson í Rjóðri.

Kveðja til Hamarsdals

Þú Hamarsdalur heillar mig til þín,
Á háfjöll þegar morgunsólin skín.
Og þegar grösín vakna af værum blund
Þá vil ég glaður leita á þinn fund.

Í fjöllum þínum á ég ótal spor,
hér urðu fegurst bernsku minnar vor.
Í lofti tæru lyngsins ilm ég fann
Hér lærði ég margt það besta sem ég kann.

Hér undir hjörðin sæl á sumartíð,
Hér sungu lindir glatt í fjalla hlíð,
Á aurum sléttum eyrarrósin grær,
Og áin niðar þýtt og silfurtær.

Í mínum hug er bjart um þessa byggð,
þá bjó hér fólk er hélt við dalinn tryggð.
Á Veturhúsum ennþá grundin grær,
þótt glaðir hlátrar séu miklu fjær.


Og hér var æskan glöð og létt í lund.
Við leiki og störf var unað marga stund.
Ég gleymi ekki góðum stundum þeim,
og gleð mig nú í minninganna heim.

Ó, hýri fagri Hamarsdalur minn
mig heillar ennþá vinarfaðmur þinn.
En Þrándarjökull ber við bláan geim.
Ég bergmál heyrri: Komið aftur heim.

Jón Sigurðsson í Rjóðri

Kær kveðja Stefán Skafti Steinólfsson

Á HVAD ERTU AÐ HLUSTA, HORFA, LESA



Dagur Björnsson

Hlusta: Ég hlusta eiginlega alfarið á hlaðvörp og þar eru fremst í flokki; *Beint í Bílinn - Stuff You Should Know - Crime Junkie* og *The Rest is History*. Besta Platan er líka algjör snilld og gaman að hlusta á plöturnar sem fjallað er um í hverjum þætti. Fjölbreytileikinn í fyrirrúmi!



KJÖRBÚÐIN

í næsta nágrenni

Gleðileg jól

OG FARSÆLT KOMANDI ÁR

OPNUNARTÍMI KJÖRBÚÐARINNAR YFIR JÓL OG ÁRAMÓT

Þorláksmessa: 9–21
Aðfangadagur: 10–13
Jóladagur: Lokað
Annar í jólum: Lokað
Gamlársdagur: 10–13
Nýársdagur: Lokað

Félagsleg heimaþjónusta á Djúpavogi óskast



Um er að ræða um það bil 20% framtíðarstarf eða tímavinna við heimaþjónustu fyrir eldri borgara á Djúpavogi og nærsveitum. Sveigjanlegur vinnutími. Starfið felst meðal annars í aðstoð við heimilishald og persónulega umhirðu ásamt því að veita félagsskap.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Sveigjanleiki og færni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi.
- Íslenskukunnátta.
- Ökuréttindi eru nauðsynleg.
- Þekking og reynsla sem nýtist í starfi væri kostur.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Aðalheiður Árnadóttir, í síma 470 0700 og á netfanginu adalheidur.arnadottir@mulathing.is. Hægt er að nálgast nánari starfslýsingu á ráðningarvef Alfred.is/vinnustadir/mulathing



Múlaþing
Sími 4 700 700
mulathing@mulathing.is
mulathing.is

CITTASLOW

Samráðshópur Cittaslow á Djúpavogi hefur staðið við sýnar skyldur og meira til en hópurinn hefur fundað 12 sinnum það sem af er ári. Hópurinn hlúir að því að Cittaslow sé haldið vel á lofti í samfélaginu á Djúpavogi og sýnilegt. Einn af þeim viðburðum sem hópurinn sér um að skipuleggja er Cittaslow sunnudagurinn en öll bæjarfélög og borgir Cittaslow hugmyndafræðinnar halda daginn hátíðlegan síðasta sunnudag í september ár hvert. Í ár skipulagði hópurinn heila helgi tileinkuð Cittaslow. Á laugardeginum var haldinn markaður í Löngubúð þar sem fólk og fyrirtæki gátu selt vörur sínar, föt og hvað sem því datt í hug. Í framhaldi af því var krakka-karóki og um kvöldið var fullorðins karóki-stuð í Löngubúð. Haldið var upp á Cittaslow sunnudaginn þann 1. október, vegna veðurs varð að fresta viðburðinum um eina viku.

Að þessu sinni var ákveðið að halda upp á daginn í samstarfi við Skógræktarfélag Djúpavogs í Hálsaskógi rétt fyrir innan þorpið. Eins og mörg vita urðu miklar skemmdir í skóginum í óveðri sem gekk yfir rúmu ári áður. Undanfarið hefur verið unnið að því að fjarlægja stærstu trén sem brotnuðu eða rifnuðu upp í óveðrinu og hafa vinnuvélar verið nýttar til þess.

Á Cittaslow sunnudeginum komu íbúar svo saman og tóku þátt í hreinsunarstarfi á svæðinu og lagfæringum á göngustígum. Hafist var handa klukkan 10:00 um morguninn. Í hádeginu var boðið upp á kjötsúpu sem Kvenfélagið Vaka reiddi fram. Seinnipartinn var svo boðið upp á fjölbreytta dagskrá fyrir börn þar sem unnið var með efnivið úr skóginum. Smíðaðir voru bátar, steinar málaðir, óróar búnir til úr spýtum Hálsaskógs og tálgun kennd. Eftir skemmtilega samverustund lauk svo dagskránni með litlum varðeldi sem Björgunarsveitin Bára hafði umsjón með.

Cittaslow hópurinn þakkar þátttökuna og þiggur jafnframt allar hugmyndir og þælingar er varða Cittaslow í þorpinu okkar.



DAGAR MYRKURS

Samráðshópur Cittaslow hélt utan um dagskrá *Daga myrkurs* sem haldnir eru ár hvert á Austurlandi. Undanfarin ár er þátttaka Djúpavogsbúa í dögnum góð og metnaðarfull dagskrá var á svæðinu í tengslum við þá. Fjöldi þorpsbúa héldu búningadaginn heilagan, ferðafélagið var með rökkurgöngu, Neisti hélt ljóساسundpartý, ljósmyndasýning var opnuð á Teigarhorni, grænar ormavöflur voru í í vöflukaffi Tryggvabúðar með bleikum rjóma, sundlaugin hélt kósýkvöld fyrir fullorðna, sviðaveisla var haldin hátíðleg á Bragðavöllum, spilað var varúlf í Löngubúð, sérstakur matseðill í tilefni daganna á Hótel Framtíð, töfratréð var á sínum stað í skógræktinni, barna- og unglíngabíó var í Löngubúð að ógleymdu Faðirvorahlaupinu sem fór fram í svartamyrkri eins og venja er.



Töfratréið í Hálsastógi



Þátttakendur í Faðirvorhlaupinu



Sigurvegarar í Faðirvorhlaupinu



Ljósmyndarsýning Þuríðar Harðardóttur á Teigarhorni



Ljósmyndasýningin var vel sótt

Gamanmál og glettnar sögur.

Gudaveigar, landalögur.

Finndu sparifötin fögur

• febrúar þriðja, '24



NÝ AFGREIÐSLUKERFI Í ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐVUM OG SUNDLAUGUM MÚLAÞINGS



Skipt hefur verið um afgreiðslukerfi í íþróttamiðstöðvum og sundlaugum í Múlaþingi. Þessi breyting hefur ekki mikil áhrif á reglulega notendur miðstöðvanna að öðru leyti en því að nú verða öll kort í veski í símanum.

Aðrir gestir sundlauganna í Múlaþingi geta einnig afgreitt sig sjálfir á rafrænan hátt, hvort sem er í stakt skipti eða fleiri. Til þess að kaupa kort í símann er farið á midi.mulathing.is, tegund korts sem á að kaupa er valin og greitt fyrir með greiðslukorti. Í rafrænt veski símans bætist þá við rafrænt aðgangskort sem notandi ber upp að skanna til þess að fá aðgang að sundlaug eða líkamsrækt. Kortin eru gefin út á tiltekinn einstakling og eiga einungis að vera notuð af þeim einstaklingi. Einnig er hægt að kaupa stakan miða, sem er eitthvað sem hentar til dæmis fyrir ferðafólk sem getur þá keypt sína miða fyrir fram og þurfa ekki að staldra við í afgreiðslunni eða bíða í röð.

Þau sem eiga nú þegar kort af einhverju tagi, annað hvort í líkamsrækt eða sund, munu geta farið inn á vefsíðuna

midi.mulathing.is, skráð sig inn með rafrænum skilríkjum og sótt sitt kort í símann.

Við vonum að þessar breytingar valdi notendum okkar ekki vandræðum og er starfsfólk miðstöðvanna reiðubúið að gera sitt besta við að hjálpa fólki eins og hægt er. Með breytingu eins og þessari auðveldast öll úrvinnsla gagna sem er mikilvægt tól svo sveitarfélagið geti þjónustað íbúa eftir fremsta megni.

Hátíðar OPNUNAR TÍMAR ÍPRÓTTA MIÐSTÖÐVAR DJÚPAVOGS



Gledileg Jól

23. DESEMBER	11-15
24. DESEMBER	LOKAÐ
25. DESEMBER	LOKAÐ
26. DESEMBER	LOKAÐ
27. DESEMBER	7:00-20:30
28. DESEMBER	7:00-20:30
29. DESEMBER	7:00-20:30
30. DESEMBER	11-15
31. DESEMBER	LOKAÐ
NÝÁRS DAGUR	LOKAÐ



PRJÓNAMÁL



Gudný og Maria prjóna saman



Gudný með hjörtun tvö

Hér kemur lítil saga af amerískri prjónakonu sem var hér á ferð með skemmtiferðaskipi í sumar. Hún var einstaklega heppin með veður og þegar hún gekk um fallega þorpið okkar og dáðist að klettunum og útsýninu sá hún konu sem sat og prjónaði fyrir utan húsið sitt. Hún gat ekki setið á sér að vita hvað og hvernig íslenskar konur prjónuðu og gaf sig því á tal við hana. Áður en hún vissi af var hún sest við hliðina á konunni, búin að taka upp sína prjóna og spjalla um mismunandi aðferðir, munstur og litasamsetningar þrátt fyrir að tala ekki sama tungumál. En þegar ameríska prjónakonan var komin niður á bryggju, áttaði hún sig á því að hún vissi ekki hvað

íslenska prjónavinkonan heitir. Ég var því hissa þegar ókunnug kona kom að mér og spurði hvort ég byggji hér og þekkti alla. Jú, ég gat gengist við því. Þá sýndi hún mér mynd af sér og Gudnýju í Vegamótum prjóna saman. „Þekkirðu þessa konu og geturðu sagt mér hvað hún heitir og heimilisfangið hennar?“ Og jú, ég gat það. Það var því orðlaus Gudný í Vegamótum sem fékk pakka frá Bandaríkjunum með myndum og prjónuðum hjörtum frá Amerísku prjónakonunni. Gaman að sjá hvað tungumál eru óþörf þegar kemur að hjartans málum fólks.

Berglind Einarasdóttir

Bóndavardan fékk leyfi frá Maria og Gudnýju til að birta bréfið og myndirnar.

SALMONDHÁTÍÐ & MATARMÓT AUSTURLANDS



Á Hammondhátíð 2023 var haldin matreiðslukeppnin Salmond í fyrsta sinn í veitingasal Búlandstinds.

Keppnin snerist um að þátttakendur matreiddu lax frá Ice Fish Farm. Þátttaka matreiðslufólks var góð og gestum og gangandi var boðið að smakka þá rétti sem kepptu. Sérstök Salmond dómnefnd valdi svo sigurvegara keppinnar og var það Milena Gutowska sem bar sigur úr bitum með „Party box Milenu“.

Er það von aðstandenda að keppnin geti orðið að árvissum viðburði á Hammondhátíð og þó er ekki seinna vænna en að byrja að prófa sig áfram með að útbúa exótíska laxarétti til að geta tekið þátt í næstu keppni.

Búlandstindur og Ice Fish Farm tóku þátt í Matarmóti Matarauðs Austurlands sem haldið var í Valaskjálfi þann 11. nóvember s.l. en þar kynntu þau austfirskan lax. Auðvitað var sigurvegari Salmond keppinnar, Milena ásamt aðstoðarfólki, fengin til að útbúa smakkrétti framreidda úr laxi. Haldin var innanhúss forkeppni hjá Búlandstindi þar sem hinir ýmsu réttir voru prófaðir en að lokum voru fimm réttir valdir til að fara með á mótið.

Góður rómur var gerður að þeim bragðgóðu laxaréttum sem boðið var upp á enda er um úrvalshráefni að ræða sem býður upp á fjölbreytta möguleika í matreiðslu. Hér eru svo uppskriftir af þeim réttum sem á borð voru bornir ásamt myndum frá mótið.

Kristján Ingimarsson
framleiðslu og gæðastjóri Búlandstinds

STEFÁN JÓNSSON

Hver maður sem rölti um Djúpavog í sumar varð eflaust var við skiltin sem prýddu ljósastaura bæjarins. Skiltin báru mismunandi tilvitnanir Stefáns Jónssonar frá Rjóðri, rithöfundar, alþingismanns og útvarpsmanns sem hefði orðið 100 ára í maí síðastliðinn. Í tilefni þess fékk Kristján okkar Ingimarsson menningarstyrk hjá Múlaþingi til að fagna verkum hans með því að setja skiltin upp fyrir okkur hin að njóta og fræðast. Hér fer Kristján gaumgæfilega yfir gjörninginn, manninn og söguna.

Stefán Jónsson - Tilvitnanir

Stefán Jónsson, rithöfundur, fréttamaður og alþingismaður, fæddist á Hálsi í Hamarsfirði þann 9. maí 1923. Greinarstúfur þessi er ritaður af því tilefni að 100 ár eru liðin frá fæðingu hans auk þess sem undirritaður lét setja upp sýninguna „Tilvitnanir“ þar sem 50 skilti með tilvitnunum úr bókum hans voru fest á ljósastaura víðsvegar á Djúpavogi, gangandi vegfarendum til gagns og gamans og til að heiðra minningu Stefáns. Þann 13. maí var síðan skipulögð gönguferð um Djúpavog, þar sem staldrað var við hjá skiltunum og ýmislegt rífað upp úr verkum Stefáns.

Foreldrar Stefáns voru Jón Stefánsson, skólastjóri á Djúpavogi, og Marsilína Pálsdóttir kennari og bjó fjölskyldan í Rjóðri á Djúpavogi. Fyrri kona Stefáns var Sólveig Halldórsdóttir og eignuðust þau fimm börn, Helga fædd 1945, Jón fæddur 1946, Hjörleifur fæddur 1947, Kári fæddur 1949 og Halldór fæddur 1950. Dóttir Stefáns og Guðrúnar Laxdal er Elín fædd 1953. Dóttir Stefáns og Jórunnar Ástu Hannesdóttur er Hanna fædd 1964. Hjörleifur er þekktur arkitekt og hafði meðal annars umsjón með uppbyggingu Löngubúðar á Djúpavogi og Kári er þekktur sem forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar. Stefán var fréttamaður og dagskrárfulltrúi hjá Ríkisútvarpinu 1946–1973. Hann hafði djúpan en þýðan málróð sem naut sín vel í útvarpi auk þess að vera mælskur, glettinn og mikill sögumaður sjálfur. Hann kemur oft við sögu þegar rífaðar eru upp sögur, vísur eða skemmtileg tilsvör frá gömlu útvarpsárunum. Eitt vorið þegar miklar fréttir bárust úr Eyjafirði um verulegt kal í túnnum var Stefán orðinn svo leiður á að skrifa um kalskemmdirnar að í einni frétt breytti hann orðalaginu og skrifaði að það væri „mikið tal í kúnum í Eyjafirði“. Jón Múli las þetta síðan upp fyrir alþjóð án þess að hika. Á þessum árum voru líka oft á tíðum sagðar fréttir af ræktunarafrækum Klemenzar á Sámstöðum. Þegar Stefán Jónsson fréttamaður pantaði símtöl við Klemenzar í 02, þá bað hann ávallt um Semens á Klámsstöðum – og fékk samband. Stefán var varaþingmaður fyrir Alþýðubandalagið 1971–1974 og alþingismaður Norðurlandskjördæmis eystra 1974–1983 en það sem hans verður líklega helst minnst fyrir eru ritstörf hans en hann sendi frá sér tólf bækur. Fyrsta bók Stefáns, *Krossfiskar og hrúðurkarlar*, kom út árið 1961. Bókin er safn frásögubátta úr þjóðlífinu og þar má finna eftirfarandi tilvitnanir:

- Tímanleg velferð sjávarplássanna er undir því komin að menn hafist þar að.
- Það þarf enginn að efast um gildi einstaklingsins í íslensku samfélagi.
- Eitt af því sem menn greinir mjög á um er réttlætið. Sumir halda að það sé ekki til. Aðrir sjá ekki sólina fyrir því.

Næsta bók eftir Stefán hét *Mínir menn – Vertíðarsaga* og kom hún út 1962. Í þeirri bók segir meðal annars af Sigurði Jónssyni útvegsbónda sem sagður var hafa „farsælar gáfur“. En eins og segir í bókinni:

- Sá sem er svo yfirhlaðinn af mannviti að það lafir niður um hann allan svo að hann stígur í það og hnýtur, hann kemst aldrei neitt. Hann hefur ekki farsælar gáfur.
- Sá sem iðrast þess sem hann hefur ekki gert, hann tekur sig bara á næst þegar tækifæri býðst. Sá sem iðrast þess sem hann hefur gert, passar sig á því að gera það ekki aftur.
- Sannlega eiga menn að vinna svo kappsamlega að því, sem þá langar til að gera, að þeir eigi ekki þrek aflögu til að gera það sem þeir eiga ekki að gera.
- Ég ólst hér upp hjá afa mínum sem var borinn hér og berfættur í blautan karlegg.
- Manninum er áskapað að hafa ekki virkilegt yndi af öðru en því sem hann ræður ekki við.

Næst í röðinni var bókin Þér að segja, *Veraldarsaga Péturs Hoffmanns Salómonssonar* sem kom út árið 1963. Bók þessi er í miklu uppáhaldi hjá Einari Kárasyni rithöfundu og segir hann að sagan sé „skrifuð af miklu listfengi og húmor“. Önnur ævisaga fylgdi í kjölfarið árið 1964 en hún fjallar um annan kapp, *Jóhannes á Borg*. Árið 1966 kom svo *Gaddaskata* út og þar má finna bráðskemmtilegar lýsingar úr æsku Stefáns á Djúpavogi auk þessara gullkorna:

- Hugskotið er mikil ruslakompa.
- Misheppnuð tilraun til að vera skemmtilegur er miklu viðkunnanlegri en vel heppnuð tilraun til að vera leiðinlegur.
- Meginlöstur alþýðunnar er sú tilhneiging að trúa betur því sem einhver kjaftaskúmur segir henni en því sem hún sér með eigin augum.

Líklega verður róið í dag þar sem rabbað var við skemmtilegt fólk kom út árið 1967 og *Ljós í róunni* ári síðar, árið 1968, þar sem þessi brot eru:

- Sulturinn hefur markað hugsunarhátt og tungutak þessarar þjóðar miklu skarpari dráttum en þú gætir nokkurn tíma fundið stað í bókum.
- Þú verður að geta étið ef þú ætlar að geta skétið.

- Ég held því fram að eins og við Austfirðingar erum í ýmsu smálegu frábrugðnir hverjir öðrum eftir sveitum, að eins og jafnvel fólkið í Skreddalnum er frábrugðið fólkinu í Breddalnum í töktum og tilsvörum, þá sé fólkið á Austurlandi líka í heild öðruvísi en annarstaðar í ýmsum háttum sínum og viðbrögðum.
- Ég er stundum spurður að því hví mér þyki Austfirðirnir svona merkilegir. Þá fer ég ávallt hjá mér og roðna og segi að það sé líklega bara beinlínis af því að ég er fæddur þar og uppallinn. Þetta er austfirsk hlédrægni. Ef ekki hefði verið fyrir hana þá hefði ég sagt eins og er, að það er vegna þess að landið þar er fallegra, fjöllin þar hærri, himinninn blárri og fólkið bæði gáfaðra og glæsilegra.

Stefán var mikill áhugamaður um veiðiskap og árið 1969 kom út bókin *Roðskinna* sem fjallaði um stangveiði, þar komst hann svo að orði:

- Manninum er eiginlegt að fiska. Það er honum áráttu. Þess vegna á ekki að banna ungum börnum að fara ofan á bryggju eða niður að á og reyna að veiða. Þau eru til þess knúin að gera það. Flenging stoðar ekki en það er best að kenna þeim að synda.
- Sumir verða vitrir af reynslunni. Aðrir halda áfram að vera það ekki.
- Stundum flýjum við frá leiðinlegum vandamálum forskrúfaðrar tilveru á vit stangarveiðinnar. En það er ekki flótti frá rá lífinu, heldur flótti til lífsins.
- Hví skyldu menn ekki fremur dorga á stöng en gera einhverja fjandans vitleysu.

Nú – Nú, bókin sem aldrei var skrifuð, minningar Steinþórs Þórðarsonar á Hala í Suðursveit kom út árið 1970 og önnur veiðibók, *Með flugu í höfðinu*, árið 1971. Nú kom nokkurt hlé á útgáfu bóka eftir Stefán og það var ekki fyrr en árið 1987 að bókin *Að breyta fjalli* kom út. Hún fjallar að mestu leyti um uppvaxtarár Stefáns á Djúpavogi og hefur hún ef til vill notið mestrar hylli af öllum bókum hans. Þar má finna þessar tilvitnanir:

- Það er undravert með hve skjóttum hætti þokubakkarnir geta steðjað af hafinu inn yfir Búlandsnesið í björtu veðri og myrkvað gjörvallt landið á svipstundu. Trúir því enginn nema sá sem reynt hefur, á vorlausu kvöldi, að leita kúnna eftir eyranu, en lent hefi ég í því að finna andblæinn af vörum kýrinnar áður en ég sá hana sjálfa.
- Einhverntíma heyrði ég föður minn komast svo að orði að fáa menn þekkti hann jafnskylda sjálfum sér og hann.
- Einu sinni hljóp ég í blekmyrkri frá Teigarhorni sex kílómetra leið út á Djúpavog á þremur Faðirvorum – að vísu mjög teygðum.
- Það skiptir svo sem ekki máli hvernig menn hrasa, því það gera allir og þó enginn viljandi, en hitt getur skipt sköpum, hvernig menn rísa á fætur.
- Það er talsverður vandi að læra af reynslunni.
- Aldrei hefur verið neitt að marka tilgátur um faðerni, hvorki hér í plássinu nú á lönguföstudni né suður í Betlehem milli jóla og nýárs.

Síðasta bók Stefáns, *Lifsgleði á tréféti*, kom út árið 1989 og er það þriðja bók hans sem fjallaði um veiði. Þar eru meðal annars þessar setningar sem má brjóta heilann um:

- Ég er veiðimaður. Það skiptir engu hvaða störf ég hef unnið um ævina mér til viðurværis. Aðspurður get ég ekki sannara sagt en að ég sé veiðimaður. Það er bara sjaldan eða aldrei spurt hver maður sé, heldur bara hvað maður geri.
- Silungsvötnin á þessu landi skipta hundruðum. Það held ég muni satt þó ekki sé nema af því að ég hef einhverstaðar skrifað það sjálfur.

Stefán skrifaði líka greinar í blöð og hér eru nokkrar skemmtilegar tilvitnanir úr þeim:

- Sá náttúruyrkandi, sem skoðar þaðan (frá Bóndavörðukletti) fjallafaðminn vestan frá Lónsheiði að Streitishorni á björtu sumarkvöldi, vænti ég muni eiga hægara með á eftir að loka á sér munninum á Valhúsahæð – að útsýni Reykvikinga ólöstuðu. (Stefán Jónsson, Frjáls þjóð 22. tölublað 1960)
- Sjálfsagt má til sanns vegar færa að það hafi verið af sveitarríg – kannski öfund í aðra röndina, sem hún kviknaði til dæmis í búiðinni sagan um það, að Skúli fógeti hefði fundið upp hjólbörurnar til þess að kenna Breiðdælingum að ganga á afturfótunum. (Stefán Jónsson, Frjáls þjóð 22. tölublað 1960)
- Hvað er nú annars íslensk menning? Er það aðallega músík eða ljóðin? Ég er nú helzt á því, að fiskiríð og búsyslan, það sé einmitt sú menning, sem við getum verið stoltastir af, bæði fyrr og síðar. Menningin okkar gerist um borð í döllunum okkar og uppi í afdölum, já, þar fer hún fram. En skáldin, þau koma þessum afrekum bara á framfæri. (Tíminn, 278. tölublað 1962)

Auk þessa tók Stefán þátt í að semja söngleiki og revíur, þar á meðal *Rjúkandi ráð* þar sem Stefán samdi taltexa en bræðurnir Jónas og Jón Múli Árnasynir söngtexta og tónlist. Sömuleiðis var revían *Frjálsir fiskar* eftir Stefán en tónlist eftir Árna Ísleifsson og Sigfús Halldórsson. Væri ekki gaman ef þessi stykki yrðu sett upp á Austurlandi, öllum þessum Austfirðingum til heiðurs? Stefán var líka afburða hagarðingur og er vel við hæfi að enda þennan pistil á nokkrum sýnishornum af vísnum hans. Stefán lést þann 17. september 1990.

Það situr lóa á klettinum
og það rennur lækur hjá 'honum.
og það er töluverð tónlist í kettinum
þegar troðið er á skottinu á 'honum.

Þessa vísu kallaði Stefán Flokksfylgið:

Þeir yfirgefa hann einn og tveir
uns á hann sitt fylgi í skýjum
en Alþýðuflokkurinn fríkkar æ meir
því færri sem eru í honum.

Þessa vísu orti Stefán um Lárus Salómonsson lögreglumann sem meðal annars hafði þann starfa að skjóta flækingshunda en einhverju sinni hafði Lárus beðið Stefán að gera um sig vísu:

Mjög af sínum bræðrum ber,
bestu virðing hlýtur.
Lítið yfir lætur sér
Lárus hunda skýtur

Eitt sinn orti Stefán í orðastað Jóns Pálmasonar alþingismanns frá Akri:

Einatt drekk ég áfengt vín,
af því verð ég rakur.
Blessuð sértu, sveitin mín
– sérstaklega Akur!

Samband íslenskra samvinnufélaga var stórveldi í íslensku viðskiptalífi á sínum tíma en svo fór að halla undan fæti og að lokum fór sambandið í þrot. Á aðalfundi eitt árið þegar illa áraði orti Stefán þessa vísu undir ræðu Erlendar Einarssonar:

Nú er sæmdin eftir ein
illa stödd og rambandi.
Við skulum ekki nefna nein
nöfn í þessu sambandi.

Kristján Ingimarsson



FRÁ FULLTRÚA SVEITARSTJÓRA

Undanfarið hefur mikið verið um að vera á Djúpavogi. Metnaðarfull dagskrá var á svæðinu í tengslum við „Daga myrkurs“. Ferðafélagið var með rökkurgöngu, sundpartý var hjá Neista, ljósmyndasýning opnuð á Teigarhorni, sviðaveisla á Bragðavöllum, töfratréð var á sínum stað í skógræktinni, barnabíó var í Löngubúð að ógleymdu Faðirvorahlaupinu sem fór fram í svartamyrkri eins og venja er.

Fyrir nokkrum dögum var svo haldinn íbúafundur á vegum heimastjórnar sem var vel sóttur. Á fundinum var farið yfir helstu verkefni sem eru í gangi á vegum sveitarfélagsins í gamla Djúpavogshreppi og áætlanir um framkvæmdir í framtíðinni. Fulltrúi samráðshóps um Cittaslow ávarpaði einnig fundinn og gerði grein fyrir starfi hópsins. Í lokin svaraði svo heimastjórn og fulltrúi sveitarstjóra spurningum. Miðvikudaginn 15. nóvember fundaði sveitarstjórn Múlaþings í Sambúð á Djúpavogi og daginn eftir fundaði hafnarstjóri ásamt atvinnu- og menningarfulltrúa með hagaðilum í tengslum við höfnina þar sem umfjöllunarefnið var móttaka skemmtiferðaskipa og samstarf á hafnarsvæðinu, hvað sé vel gert og hvað megi betur fara. Málefnalegar og góðar umræður sköpuðust á fundinum og stefnt er að því að funda aftur í vor.

GJ



Jólatré - Jólatré - Jólatré

Sunnudaginn 10. desember 2023, frá kl. 13:00 – 14:00
verða seld jólatré úr skógræktinni.

Farið er á bílastæðið við Hálsaskóg og fólk getur valið sér tré.
Komið með eigin sög ef þið viljið saga sjálf. Verð kr. 4.000.-
Súkkulaði og með því

Sjáumst hress

Skógræktarfélag Djúpavogs

ÞÍNAR MYNDIR Á STRIGA

Tilvalið í jólapakka

Láttu okkur prenta á striga og strekkja á blindramma.

Dæmi um stærðir og verð:

20x30 cm 7.900.-

30x40 cm 9.700.-

40x60 cm 13.500.-

50x70 cm 17.000.-

Ath. prentum líka myndir á ljósmyndapappír og seljum myndaramma í úrvali.



HÉRAÐSPRENT

Miðvangi 1 · 700 Egilsstaðir
471 1449 · print@heradsprent.is
www.heradsprent.is

Bifreiðaviðgerðir
Hjólbarðapjónusta
Smurpjónusta
Hópfærðir



BÍLHERJI

Skallanaust ehf.
s: 6613913

Útvegum allar gerðir varahluta

Alternatorar
Bremsuklossar
Bremsudiskar
Demparar
Hjólalegur
Hjöruliðir

Perur
Pústkerfi
Spindilkúlur
Stýrisendar

Boltar
Rær
Skrúfur
Kitti
Olíuvörur
Verkfæri

FRÁ FORELDRAFÉLAGI GRUNNSKÓLANS

Kæru lesendur,

Við erum stórgóður hópur (að okkar mati) af foreldrum sem eru að kveikja líf í foreldrafélagi Grunnskólans. Foreldrafélagið lagðist að mestu leyti í dvala þegar Covid skaut upp kollinum en svo var það Ágústa Margrét sem hélt því ein á lofti ásamt mæðgunum Jónínu Guðmunds, Unni og Huguínu sem sáu um að halda Notó á lífi. Við mælum með að þið klappið þeim á bakið næst þegar þið rekist á þær þar sem það er þeim að þakka að félagið er vel stætt.

Að máli málanna, hver er þessi frábæri hópur?

Óskar Ragnarsson er fremstur í flokki og heimaði að fá að vera formaður. Gjaldkerinn er Íris Dögg og ritarinn, sem á ekki tölvu og er yfirleitt kölluð frk.blýantur, er Júlía Hrönn. Síðast en ALLS ekki síst eru tvær sem sjá um að gera grín af hinum en það eru þær Heidi og Ragnhildur.

Það sem af er skólaári hefur foreldrafélagið styrkt kastalakaupin í Blánni, 10. bekk vegna ferðar að skoða skóla á austurlandi ásamt því að halda hrekkjavökupartý með félagsmiðstöðinni Zion sem heppnaðist heldur betur vel.

Okkar stærsta fjárfloflun er Notó og utan um það halda nú Helga Rún, Kolbrún Ósk, Íris Birgis og Bergþóra Valgeirs. Foreldrar hafa verið mjög duglegir að bjóða sig fram í að taka vaktir um helgar en það er opið á laugardögum frá 15:00 - 16:00, en það er lokað þegar börnin eru í fríi eins og þegar það er vetrarfrí, jólafrí o.s.frv.

Framundan er jólaföndur sem verður 6.des og þar verður hægt að kaupa góðar veitingar og eiga notalega stund saman. Eftir áramótin er á stefnuskránni að halda skemmtilega viðburði fyrir börnin og skapa saman góðar minningar.

Kveðja

Stjórn foreldrafélagsins

UPPSKRIFTIN



Í síðasta tölublað Bóndavörðunnar fengu lesendur dýrindis uppskrift af bjúgum. Mæðgurnar í Fossárdal skorðu í framhaldi á Jónas Bjarka að koma með uppskrift af hreindýrasteik með góðri sósu. Tilvalið fyrir jólatíð og þakkar Jónas Bjarki þeim mæðgum fyrir áskorunina.

Grilluð hreindýrasteik með góðri sósu

Byrja á því að velja góðan vöðva helst úr læri eða hrygg. Stærð verður líka að ráðast eftir hvað það eru margir í mat. Ég reikna með amk. 300 400-grömmum pr. fullorðinn einskakling. Gott að taka kjötið úr frosti tímanlega til að frost verði farið úr því fyrir eldun. Best að er hafa kjötið við stofuhita þegar byrjað er að elda það og krydda helst nokkrum tímum fyrir eldun líka. Mæli með að krydda með grófmöluðum svörtum pipar, salti og Villijurtum frá Pottagaldri.

Hitið grillið mjög vel áður en kjötið er sett á það. Grillið í 3-5 mín á hvorri hlið og lækkið svo hitann á grillinu og látið það malla þar til steikin hefur náð 58°C í kjarna (en fyrir þá sem borða ekki lítið eldað kjöt er allt í lagi að fara upp í 63°C. Að fara hærra en það er algjör eyðilegging á úrvals hráefni). Þá er steikin tekin af og látin standa í ca. 10 mín áður en hún er skorin niður og borðuð.

Á meðan að beðið er eftir því er upplagt að bregða sveppum, fylltum með ólífum og gráðosti á grillið til að borða með steikinni. Mæli með ofnbökuðum kartöflum og sætum kartöflum með þessu ásamt smjörsteiktum gulum baunum. Vinsælasta sósan með þessu er piparostasósa. Sára einföld, 2 piparostar skornir niður og ½ L rjómi sett í pott á fremur lágum hita og hræra reglulega í þangað til osturinn er allur bráðinn.

Verði ykkur að góðu,

Ég ætla að skora á Sylvíu Magnúsdóttur að koma með uppskrift af svokölluðu Sleggjubuffi

Bestu kveðjur Jónas Bjarki, Berufirði

FRÁ MENNTASKÓLANEMA



Heil og sæl.

Ég heiti Hilmir Dagur Ólafsson og ætla að segja ykkur frá lífi mínu í Menntaskólanum á Egilsstöðum. Haustið 2022 hóf ég mitt fyrsta ár í menntaskólanum og er því núna á öðru ári. Ég bý á heimavistinni með öllum mínum bestu vinum og það er alltaf eitthvað skemmtilegt að gera á vistinni. Þar er meðal annars morgunmatur, hádegismatur og kvöldmatur auðvitað. Það kom mér gríðarlega á óvart hversu góður og fjölbreyttur maturinn er. Í ME er aðeins öðruvísi kerfi en við erum vön á Djúpavogi. Í staðinn fyrir að hafa þetta týpíska annakerfi er spanakerfi. Spanakerfið virkar þannig að í staðinn fyrir að vera í 6 áföngum á önn er vetrinum skipt í fjórar spanir og nemendur taka þrjá áfanga á hverri spönn. Mér finnst þetta kerfi miklu þægilegra og sniðugra. Betra er að fókusa á aðeins færri áfanga í staðinn fyrir að hafa svona marga í einu, miklu betra að halda utan um námið og er það þægilegt fyrir þá sem vilja einblína á færri hluti í einu.

Lífið hér á Egilsstöðum er mjög skemmtilegt og fjölbreytt, bæði skólalífið og félagslífið fyrir utan. Það eru ótal viðburðir og ótal nemendafélög sem maður getur skráð sig í. Á hverju ári eru u.þ.b. 5 böll, mér finnst busaballið alltaf skemmtilegast! Þá má auðvitað ekki gleyma 1. des viðburðinum sem er jólaskemmtun þar sem sýndir eru skemmtipakkar, dansatriði, tónlistatriði og svo margt fleira. Hægt er að skrá sig í fullt af nemendafélögum einnig. Það kæmi mér ekki á óvart að busar fengju smá valkvíða. Hér er t.d. tónlistarfélag, leikfélag, skemmtinefnd, íþróttafélag ME og ritnefnd svo eitthvað sé nefnt. Svo er það auðvitað nemendaráðið sem kallað er „Nemó“. Í nemendafélagi eru yfirleitt 10 krakkar sem sinna mismunandi störfum hvert og eitt, allir stjórar í mismunandi nemendafélögum. Á hverju ári eru svo valdir nýnemafulltrúar, sem þýðir að krakkar sem eru á fyrsta ári kjósa nýnemafulltrúann sinn sem framkvæmir hugmyndir nemenda. Það er um að gera að skrá sig í nemendafulltrúann því það er aldrei að vita nema þú verðir kosinn.

Nóg af skólanum, ég ætla að segja ykkur aðeins hvað ég geri. Fyrst þegar ég kom í ME var ég svolítið lítill í mér, ekki vanur svona stóru samfélagi, ekki vanur svona mörgum krökkum og fyrst og fremst ekki vanur að gista á vist þar sem eru 90 krakkar. Mér fannst fyrstu vikurnar að mörgu leyti svolítið erfiðar, það tók mig smá tíma að venjast samfélaginu, nýjum skóla, vistarlífinu og nýju kerfi. En eftir smá tíma varð það ekkert mál. Það sem ME gerir fyrir mann er að opna nýjar leiðir og mörg tækifæri myndast. Þú kynnist nýjum vinum og finnur hvað þú vilt gera í lífinu og ég get sagt það að ég er allt annar en ég var áður en ég kom í ME. Dæmi um það hvernig ég hef breyst er að þegar ég var í grunnskólanum á Djúpavogi hafði ég ekki stigið fæti inn fyrir ræktina, en eftir að ég kom í ME er það það eina sem ég hugsa um - hvernig ég borða, passa að lyfta 5-6 sinnum í viku og ná góðum svefni. Þetta dæmi sýnir hvernig þú breytist og finnur áhugamálín þín. Meðfram líkamsræktinni elska ég að búa til tónlist, við erum með svokallað Stúdío í gamla sláturhúsinu þar sem við gerum tónlist og er það eitt það skemmtilegasta sem ég geri! ME gefur þér svo sjúklega mörg tækifæri og hjálpar þér að finna sjálfan þig og finna þín áhugamál. Ég hvet alla krakka úr grunnskólanum á Djúpavogi alveg hiklaust að koma í ME!

Á HVAD ERTU AÐ HLUSTA, HORFA, LESA



Eiður Ragnarsson

Hlusta:

Þar sem ég keyri mikið hef ég býsna góðan tíma til að hlusta, er þessa stundina að hlusta á bækur Yrsu Sigurðardóttur um Freyju Styrmsdóttur barnasálfræðing og Huldar Traustason lögreglumann. Ég hlusta á alls konar hlaðvörp á íslensku og ensku. Og svo er auðvitað Í ljósi sögunnar með Veru Illugadóttur í miklu uppáhaldi.

Horfa:

Fátt finnst mér betra en góð bíómynd en mér finnst þær ekki jafn algengar og áður. Kannski er það aldurinn ég veit það ekki, en ég er hrifin af alls kyns þáttaröðum einnig. Ég er núna að horfa á

Yellowstone þáttaraðirnar bæði „originallinn“ og hinar tvær sem tengjast þeim heimi. Bíð líka spenntur eftir seríu 2 af Jack Reacher, en er búin að hlusta á allar bækurnar í þeirri seríu að ég held.

Lesi:

Minna er um lestur en áður, hef lítið lesið af bókum undanfarin misseri en það kemur þó fyrir. Fletti samt oft hinum ýmsu bókum án þess endilega að lesa þær frá upphafi til enda, t.d. árbækur Ferðafélags Íslands og bækur sem geyma sögur úr nærsamfélaginu eins og til dæmis Múlaping og annað svipað efni. Ég hef reyndar oft gleymt mér inni á tímarit.is þar sem má finna margvíslegan fróðleik frá fyrri tíð.

ILMUR JÓLANNA

Ég hef heyrt fólk sem er mér ögn eldra lýsa lykt jólanna. Það var ekki lykt af reykelsi eða barrtrjám. Það var lykt af eplum. Því aðeins á jólnum var hægt að kaupa epli. Með eplakassanum á heimilið kom ilmur jólanna. Nú fást epli alltaf og kannski fáir sem tengja þau jólnum sérstaklega.

Eplið er áhugaverður ávöxtur. Alveg síðan Eva í Paradís lokkaði Adam til að bragða á hinum forboðna ávexti hefur eplið átt sitt pláss í sögum og sögnum. Reyndar talar Biblían ekki um epli heldur ávöxt skilningstrésins sem var hið forboðna tré. Sú saga öll er um óhlýðni og er ætlað að útskýra hvernig illska hafi komist inn í heim mannfólksins. Eplið minnir þannig á freistingu Adams. Við tölum um adamsepli en það er kúlan á barkakýlinu. Sagan segir að eplið hafi setið fast í hálsi Adams og því hafi karlar þessa kúlu á barkanum. Hin djúpa speki í frásögninni er þó óhlýðni við vilja Guðs og það hvernig Adam kennir Evu um en hún skellir skuldinni á höggorminn. Stundum gerum við það sem er slæmt, jafnvel þó það sé ekki ætlun okkar. Það er líka nokkuð inngróið í eðli okkar að kenna öðrum um. Og þá vísar oft hver á annan. Vonda stjúpán í í þekktu ævintýri notaði líka epli til að freista Mjallhvítar. En þá sögu um öfundina þekkjum við öll.

En eplið er ekki bara tákn freistingar. Epli er líka tákn fyrir ást, kærleika, líf, frjósemi, fegurð - og jólin. Á jólnum eru epli ekki aðeins áberandi í matargerð, heldur einnig í skreytingum. Jólakúlurnar sækja form sitt og uppruna til eplanna sem áður voru stundum notuð til að skreyta jólatréð og líka heimilið í löndum þar sem nóg var af eplum.

Þá má ekki gleyma að epli er sögð afar holl og góð, líka flusið. Einhver sagði mér að í flusinu væri mikið af trefjum og líka mikið magn andoxunarefna, en þau eru mikilvæg fyrir varnarkerfi líkamans. Þar eru efni sem vinna gegn vöðvarýrnun bæta kólesteról og blóðsykur. Þá hafi tilraun með mýs sem fóðraðar voru á eplaflosi sýnt fram á að þær urðu fljótt grennri en aðrar mýs og allar miklu unglegri en samanburðarmýsnar. En þetta hef ég bara eftir öðrum.

Messa á jólum hefur iðulega verið hápunktur í lífi margra. Það er reyndar með messur í kirkjum að þær eru, eins og eplin, á boðstólum allt árið. Nú er aftansöngur í Djúpavogskirkju á aðfangadag kl. 17.00. Þá syngjum við inn jólin. Heyrum frásagnir jólaatburðarins um son Guðs er varð maður. Allt er það okkar vegna. Á annan í jólum er hátíðarmessa í Hofskirkju í Álftafirði. Það hollt og gott að koma í kirkjuna til að næra sálina og hvíla líkamann í undirbúningi jólanna og líka gott þegar jólin hafa liðið og daginn fer að lengja á nýju ári.

Megi jólin færa þér og þínum gleði, hátíð og frið.
Sr. Arnaldur Bárðarson



**Óskum starfsfólki, viðskiptavinum
og samstarfsaðilum gleðilegrar hátíðar
og farsældar á nýju ári!**

**Hádegisverður í boði alla virka daga
til 21. desember. Opnum aftur 8. janúar.**

22. desember Skötuveisla kl. 19

**Bestu jólakveðjur frá Löngubúð
Auður og Berghóra**

Nánari upplýsingar: sími 849-3439; tölvupóstfang: langabud@mulathing.is





Múlaþing óskar iðrium Djúparvogs

notalegrar
Adventu

*Megi komandi jól og áramót læra
ykkur og fjölskyldu hamingjustundir*

*Með kærri hveðju
Starfsfólki Múlaþings*



Dagskráin á Djúpavogi í desember

2. des.

Notó opinn kl. 15-16.

3. des.

Messa kl. 14.00 Berufjarðarkirkju

5. des.

Jólamarkaður Kvenfélagsins í Löngubúð kl. 17-19

8. des.

Foreldrakaffi í leikskólanum

Notó opinn kl. 20-21, sértök opnun fyrir jólasveina

9. des.

Notó opinn kl. 15-16

10. des.

Jólatréssala kl. 13-14 í skógræktinni

Aðventusamkoma kl. 20.00 í Djúpavogskirkju

13. des.

Jólatónleikar tónlistarskóla Djúpavogs

14. des.

Jólasmaakökugerð í Zion fyrir 7. - 10. bekk

15. des.

Jólaball leikskólans

16. des.

Notó opinn kl.15-16

20. des.

Litlu jól í grunnskólanum

22. des.

Skötuveisla Löngubúðar kl.19

24. des.

Aftansöngur kl 17.00 í Djúpavogskirkju

26. des.

Annar jólum messa í Hofskirkju í Álftafirði kl. 14.00

30. des.

Flugeldasala Björgunarsveitarinnar Báru kl. 14 - 22

Pubquiz í Löngubúð

31. des.

Flugeldasala Björgunarsveitarinnar Báru kl. 10 - 15.

Áramótabrenna Hermannastekjum kl. 17:00

ÁFRAM NEISTI - ÁFRAM DJÚPIVOGUR!

Í byrjun september sl. voru hvorki framkvæmdarstjóri né þjálfarar í Ungmennafélagi Neista, þar að leiðandi voru engar æfingar né iðkendur, og stjórnin var ekki fullmönnuð.

Neisti auglýsti eftir framkvæmdastjóra/þjálfara í ágúst og fékk þónokkrar umsóknir. Stjórnin var vongóð um umsækjanda sem vildi taka að sér þjálfun og framkvæmdastjórn en því miður dróg hann umsókn sína til baka á síðustu stundu. Það var því kærkominn tölvupóstur sem kom frá núverandi framkvæmdastjóra Ágústu Margræti Arnardóttur þar sem hún sóttist eftir þessu starfi.

Í framhaldi var auglýst eftir þjálfara sem skilaði því miður ekki árangri. Það var því farið á leit við mannaúðinn okkar á Djúpavogi sem brást við kallinu af jákvæðni, krafti og áhuga sem varð til þess að Neisti getur boðið upp á fjölbreyttar æfingar frá kl. 13:25 og frameftir degi, alla daga vikunnar. Sem og kvöld æfingar, skipulagða útivist fyrir börn og fjölmarga tíma fyrir fullorðna.

Yfir 80% af nemendum í Djúpavogsskóla iðka nú einhverja íþrótt- og/ eða tómstundagrein og Íþróttamiðstöðin okkar iðar af lífi.



Hvað fær fólk í fullri vinnu og rúmlega það til þess gera ráðstafanir og breytingar á td. vinnutilhögun og frítíma sínum til þess að börn, ungmenni og fullorðnir fái fjölbreytta, faglega, skipulagða og skemmtilega íþróttatíma?

Vernharður Ingi Snæþórsson körfuboltaþjálfari - Það skemmtilegasta við að þjálfar er að vinna með krökkunum og sjá hvað allir eru miklir meistarar á sinn hátt. Mín markmið eru númer 1,2 og 3 að vekja upp áhuga á Körfubolta á Djúpavogi.

Greta Mjöll Samúelsdóttir knattspyrnuþjálfari - Það skemmtilegasta við að þjálfar eru krakkarnir! Það er í raun ekkert skemmtilegra en að sjá krakka vaxa í sjálfa sig og finna sig verða betri. Í leiðinni valdeflast þau í sinni íþrótt og sjálfri sér. Mín markmið eru fyrst og fremst að reyna að kveikja áhuga, kveikja neista á íþrótt sem getur svo fylgt fólki þess vegna ævilangt. Það er nefnilega svo margt meira en bara sportið sem íþróttastarfið gefur okkur. Við lærum að tilheyra hópi, vinna í hóp, taka leiðbeiningum, bera virðingu fyrir sjálfum okkur, öðrum og tímanum. Við eignumst vini og öðlumst færni sem getur svo fært okkur allskonar fleira á móti.

Óðinn Sævar Gunnlaugsson knattspyrnu- og frjálsíþróttþjálfari - Það skemmtilegasta við að þjálfar er umgengni við unga einstaklinga. Mírar áherslur eru að allir sýni hver öðrum virðingu og að allir eigi sitt pláss í íþróttum. Ég legg áherslu á mikilvægi þess að krakkarnir vinna saman, hvetji hvert annað og reyni alla daga að gera næstu manneskju við hlið sér betri því þá verða þau einnig betri.

Justin Reyes lyftingþjálfari - Skemmtilegast er að vera með krökkunum, þau eru svo skemmtileg. Það er gaman að sjá þau taka vel á því og bæta sig. Markmiðið er að gera þau sterk og öðlast þekkingu til að gera æfingarnar rétt.

Maciej Pietruńko útivistþjálfari - Það skemmtilegasta er að deila þekkingu minni og sjá krakka hafa gaman í tímum. Markmið mín í útivistinni eru að sýna krökkum að það eru margar leiðir til að eyða frítíma á virkan hátt og að það eru fleiri íþróttir og afþreying í boði en bara fótþolti og þekktari greinar.

Óðinn Lefever borðtennisþjálfari - Skemmtilegast þykir mér að sjá áhugann hjá þessum krökkum að prófa nýja hluti. Börn eru í eðli sínu forvitin og að geta kynnt þau fyrir nýjum hlutum er gjöfult og gott. Markmið mitt er að bjóða upp á umhverfi þar sem krakkar geta lært grunnatriði borðtenniss á uppbyggilegan og skemmtilegan hátt þar sem þau upplifa öryggi og gleði.

Ágústa Margræti Arnardóttir þjálfar barre og leiki/þrautir, og hefur umsjón með unglingaráði - Það skemmtilegasta við að þjálfar er að kynna krökkunum og geta haft jákvæð áhrif á líf þeirra. Mín markmið eru að kenna iðkendum rétta líkamsstöðu og líkamsbeitingu, auka styrk, liðleika, jafnvægi og samhæfingu iðkenda. Byggja upp alhliða hreyfifærni þeirra og jákvæða sjálfsmynd.

Í unglíngaráði er markmiðið að valdefla iðkendur, gefa þeim tækifæri til að hafa áhrif, bera ábyrgð og taka þátt.

Í stjórn Neista sitja núna Þórdís Sigurðardóttir, Óðinn Lefever, Ingi Ragnarsson og Þuríður Elísa Harðardóttir sem bauð sig fram í stjórn í kjölfarið af vel heppnuðum foreldrafundi Neista í byrjun nóv.



Auk þess að halda úti öflugum íþróttastarfi spilar Neisti gríðarlega stórt hlutverk í félagslífi Djúpavogsbúa. Neisti sér um fjölmarga viðburði, suma í fjáröflunarskygni en aðra eingöngu til að auka samveru, gleði og gæði Djúpavogsbúa.

Verkefni Neista á þessari önn eru meðal annars:

- Körfuboltakynning frá körfuboltadeild Hattar- 30. sept.
- Gróðursetning skjólbeltis og gengið frá á vellinum- 7. okt.
- Dagar myrkurs sundlaugapartý og bío- 2.3. og 5. nóv.
- Foreldrafundur- 8. nóv
- Jólafjáröflun byrjun des.
- Jólabingó- miðjan des.
- Jólasveinaaðstoð- 22-24. des.
- Jólámót- milli jóla og nýárs.
- Áramótabrenna- 31. des
- Greinagleði- minnst 1x á önn

Nú eru 10 unglíngar þátttakendur í unglíngaráði Neista og koma öflug inn í flest verkefni. Þeirra sjónarmið, hugmyndir og kraftur er ómetanlegur fyrir félagið til þess að halda úti öflugum starfi.

Þátttaka hvers og eins, ungra sem aldna, sérstaklega í litlu bæjarfélagi eins og Djúpavogi er nauðsynleg. Hér eru ekki einkarekin bío, leikhús, skemmtistaðir og annars konar afþreying eins og víða á stærri stöðum. Hér eru engir aðrir sem koma og búa til viðburðina, afþreyinguna og upplifanirnar. Hér þurfum við að gera þetta allt sjálf. Og miðað við kraftinn og gróskuna á Djúpavogi núna erum við í Neista full bjartsýnis og þakklætis.

ÁFRAM NEISTI- ÁFRAM DJÚPIVOGUR!

**NOTÓ
- Á AÐVENTUNNI**

2. desember kl 15-16
 8. desember kl. 20-21, sérstök opnun fyrir jólasveina!
 9. desember kl. 15-16
 16. desember kl. 15-16

AF UMHVERFIS- OG FRAMKVÆMDAMÁLUM



Eftir sameiningu hafa kjörnir fulltrúar sem og starfsmenn unnið hörðum höndum að sameiningunni og nú þegar við teljum að það sjái fyrir endann á þeirri vinnu er eðlilegt að velta fyrir sér hvort við stöndum sannarlega ekki sterkarki fótum eftir sameiningu. Mér fannst aukinn slagkraftur vera orðinn sýnilegur og er víða að sjá umtalsverðar framkvæmdir bæði í viðhaldi sem og í nýframkvæmdum. Þetta var okkur í umhverfis- og framkvæmdaráði sýnilegt er ráðið fundaði á Djúpavogi núna í lok október. Allajafna fundar nefndin í gegnum fjarfundi en staðfundir nefndarinnar eru þó reglubundnir og eru þeir þá nýttir til að fara yfir stöðu verkefna sem sveitarfélagið vinnur að eða er í samstarfi um. Ráðsmenn fá þá tækifæri til að skoða sig um við framkvæmdir sem unnið hefur verið að og kynna sér stöðu mála.

Það er óhætt að segja að nóg hefur verið að gera á Djúpavogi og var afar ánægjulegt að sjá mikinn framgang í verkefnum og má þar nefna að nú er verið að klára klæðningu á grunnskólanum, búið er að skipta þar um alla glugga og til stendur að malbika hluta af skólalóðinni. Unnið er að göngustíg meðfram vegi inn að Gleðivík, vinna við klósettin í Sætúni er rétt að klárast og teljum við að þau eigi eftir að verða okkur til heilla. Unnið er að því að fara yfir hvar götulýsingum er ábótavant og má ætla að úr verði bætt jafnt og þétt. Settur hefur verið upp kastali í Blánni en það er samfélagsverkefni heimastjórnar sem við teljum hafa heppnast vel. Rétt er að minna á að samfélagsverkefni eru endurtekin árlega og því er íbúum óhætt að fara að huga að hugmyndum fyrir næsta ár.

Unnið er að fjölbreyttum verkefnum í höfnunum enda hefur fjöldi skipa aukist umtalsvert á milli ára og frá heimsfaraldri. Það vekur sannarlega upp spurningar um þol og getu okkar til að taka við auknum fjölda skemmtiferðaskipafarþega og er nú verið að meta hvort ástæða sé til að hefja endurskoðun á stefnu Hafna Múlapings til að mæta þeim breytingum sem orðið hafa. Þessa dagana er unnið úr hugmyndum sem borist hafa vegna starfsemi í Faktorshúsi og ef af verður má vænta þess að það verði skemmtileg viðbót við þá starfsemi sem nú er við Voginn. Fyrir liggur tillaga að breytingu á Verndarsvæði í byggð sem hefur verið tekin fyrir í ráðinu. Þetta er fyrsta slíka breytingin á landsvísu og því þarf að vanda til verka við málsmeðferðina en við erum vongóð um að þessar breytingar verði til þess að sátt verði um verndarsvæðið.

Að lokum er ástæða til að segja frá því að vinna við nýtt aðalskipulag er hafin. Ávallt er haft samráð við íbúa við slíka skipulagsvinnu. Við vonum að mótað verði framsýnt skipulag í takt við þarfir samfélagsins og verður þar m.a. horft til þeirra ábendinga sem komið hafa frá íbúum svo sem um nýja staðsetningu á bensínstöð, breyttri aðkomu inn í iðnaðarsvæðið auk þess sem við teljum mikilvægt að horfa til þess með hvaða móti og hvert við sjáum fyrir okkur að stækka byggðina.

Um leið og ég óska ykkur öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs vil ég hrósa starfsmönnum sveitarfélagsins fyrir vel unnin störf enda er í mörg horn að líta við rekstur stórs og sameinaðs sveitarfélags.

Jónína Brynjólfssdóttir
Forseti sveitarstjórnar Múlapings

NÝR LEIKKASTALI Í BLÁNNI




Á haustdögum var tekinn í notkun nýr leikkastali á fjölskyldu- og útivistarsvæði Djúpavogsbúa í Blánni. Kaup og uppsetning á kastalanum var samstarfsverkefni Múlapings, heimastjórnar á Djúpavogi, Kvenfélagsins Vöku og foreldrafélaga leik- og grunnskólans. Leikkastalinn er ætlaður börnum frá 3-15 ára og hefur hann verið mikið notaður fyrstu dagana.

Bóndavarðan óskar börnum á Djúpavogi til hamingju með leikkastalann og hrósar flotta samvinnu aðilanna sem komu að vinnunni.

MATARMÓT 2023

Glæsilegt Matarmót, Matarauðs Austurlands var haldið laugardaginn 11. nóvember sl. í Valaskjálfi á Egilsstöðum. Yfirskrift mótisins var Landsins gæði og hófst dagurinn á málþingi þar sem ýmsir sérfræðingar voru kallaðir að borðinu. Dagmar Ýr Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Austurbrúar opnaði málþingið og Urður Gunnarsdóttir, verkefnastjóri hjá Austurbrú stýrði málþinginu með miklum glæsibrag. Fyrst á mælendaskrá var Erna Rakei Baldvinsdóttir í rannsóknar- og greiningarteymi Austurbrúar en hún fór yfir niðurstöður rannsókna sem unnin var í vor. Þar fengu íbúar Austurlands tækifæri til að tjá sig um hver landsins gæði eru á Austurlandi, rýnihópar voru kallaðir til og út frá þeim niðurstöðum var unnin samantekt, sem Erna kynnti á málþinginu. Helstu niðurstöður þar sýna að margir íbúar Austurlands nýta landsins gæði til eigin nota og gjafa, áhugi er hjá heimafólki á að fá fleiri námskeið sem felast í því að nýta þau og flest telja aðgengi að þeim gott. Mörg telja mikilvægt að auka sýnileika og aðgengi að austfirskri matvöru í austfirskum verslunum og auka ræktunarsvæði í byggðakjörnum fjórðungsins. Þá telja mörg mikla þörf á fullvinnslueldhúsum sem hægt er að hafa aðgengi að, mikilvægt sé að kynna austfirskar vörur undir sameiginlegu vörumerki og að samvinna sé mikilvægt milli framleiðenda og veitingaaðila.



Næst á mælendaskrá var Vigdís Häsler, framkvæmdastjóri Bændasamtakanna. Erindi hennar fjallaði um mikilvægi þess að við séum kunnug staðháttum og skiljum og vitum hvaðan maturinn sem við neytum, kemur. Þá fjallaði Vigdís um menningarverðmætin og kynnti verkefnið „Íslenskt staðfest“ fyrir gestum málþingsins. Erindi Vigdísar var mjög áhugavert og vakti okkur til umhugsunar um hversu mikilvægt er að við tökum höndum saman í að vernda framleiðslugreinar matvæla á Íslandi, kaupa íslenskt og hlúa að þeim sem velja að stunda matvælaframleiðslu í okkar góða landi.

Þá stigu á stökk þær Auður Vala Gunnarsdóttir og Lindsey Lee frá Blábjörgum á Borgarfirði eystri. Erindi þeirra fjallaði um nýja viðbót við framboð þeirra í Musteri Spa, sem er þarinn, sem þær vilja kalla Aloe vera norðursins. Þær stöllur fóru yfir ferlið, frá því að hugmyndin kviknaði árið 2019 og fram til dagsins í dag. Það verður mjög spennandi að fylgjast með þessu verkefni áfram og njóta síðan afrakstursins þegar allt verður komið á fullt í framboðinu árið 2024, skreppa til Borgarfjarðar í þarabað eða láta vefja sig með þaravafningum og njóta alls þess góða sem Borgarfjörður hefur uppá að bjóða.

Eftir stutt kaffihlé tóku til máls hjónin Guðbjörg Gissurardóttir og Jón Árnason en þau reka fyrirtækið „Í boði náttúrunnar“. Þau fóru yfir sína sögu, sögðu frá því sem þau kalla „Matarbrölt og nokkrar bragðgóðar lexíur“. Megininntak þeirra erindi var mikilvægi þess að fara af stað með hugmyndir, hafa sköpunargleðina að leiðarljósi, vanda til verka, nýta samferðafólk í að gera hluti sem við erum ekki góð í sjálf, segja söguna, tryggja að fjármálin séu í lagi og að vera tilbúin að taka áhættu.

Síðust en ekki síst var Kristín María Sigþórsdóttir, upplifunarhönnuður, en erindið hennar bar nafnið „Spegill, spegill – brauðmolar og sælgætishús verða minningar og sögur“. Kristín María fjallaði um ýmislegt í sínu erindi, m.a. hvað gerir matarupplifun einstaka, mikilvægi sögunnar, skynjunar og nálgunar á matarupplifun og það hvernig upplifunin verður heildræn. Kristín fjallaði um mikilvægi þess að þau sem bjóða uppá mat skapi sér sérstöðu, nýti nærumhverfið, séu sjálfum sér trú og dugleg að brydda uppá nýjungum. Gaman sé að prófa nýjar paránir og að nýta innblástur úr langri matarsögu Íslendinga.

Að afloknum erindum var haldið til hádegisverðar í Glóð en þar var boðið uppá mat úr héraði, m.a. villisveppapasta og nautagúllas með austfirsku smælki. Náðist góð stemming yfir hádegismatnum þar sem málþingsgestir héldu áfram að ræða Austurlandsins gæði.

Klukkan 13:30 setti Dagmar Ýr, Matarmótið formlega og bauð öll velkomin. Hún vakti athygli á þeim fjölmörgu matvælaframleiðendum sem mættir voru til að kynna sínar vörur. Þá sagði hún frá tveimur nýjum hópum framleiðenda sem höfðu fengið boð um að vera með á Matarmótinu, annars vegar var um að ræða fólk sem er í matvælaframleiðsluhugleiðingum og bauð fólki uppá smakk. Þar fóru Stöðfirðingar fremstir í flokki og buðu uppá súrdeigsbrauð, rabarbarakaramellur, kaffi og ýmislegt fleira. Síðan voru einnig mætt á mótið framleiðendur vara úr austfirsku hráefni, sem er ekki matur. Þar mátti finna lífrænar snyrtivörur frá Fáskrúðsfirði, skurðarbretti úr Hallormsstaðaskógi og dúnsængur frá Vopnafirði.

Síðast en ekki síst voru á Matarmótinu góðir gestir úr Hótel- og veitingaskólanum. Þar fór fremstur í flokki Fellbæingurinn Ægir Friðriksson, ásamt þremur kokkanemum sem allir eiga ættir sínar að rekja til Austurlands. Þeir félagar höfðu úr að móða fjölbreyttu hráefni frá Austurlandi; saltfisk, harðfisk, makríl, síld, urriða, hreindýrahjörtu, hreindýratungu, skyr, bygg, villisveppi, salt, rófur, kartöflur og sitthvað fleira. Úr þessum hráefnum töfrudu þeir fram ótrúlega fallega og bragðgóða rétti sem gestir Matarmótsins gerðu góð skil og góðan róm að.

Áætlað er að allt að 500 manns hafi komið á Matarmótið og er það mun meiri fjöldi en stýrihópurinn átti von á. Ánægjulegt var að sjá fólk úr flestum byggðakjörnum fjórðungsins og mátti heyra mörg tala um það hversu hissa þau voru að sjá allan þennan fjölda af matvælaframleiðendum og ekki síður fjölbreytileikann í framleiðslunni.

Í lok dags var haldinn aðalfundur Austfirskra krása þar sem m.a. var fjallað um hugmyndir nýrrar stjórnar að nýju hlutverki félagsins og nýju nafni. Sú vinna heldur áfram.

Stýrihópur Matarauðs Austurlands, ásamt framkvæmdastjóra og yfirverkefnastjóra atvinnu- og byggðamála hjá Austurbrú eru ótrúlega þakklát fyrir frábæra mætingu á Matarmótið og bjartsýn á framtíð fjórðungsins þegar kemur að nýtingu á Austurlandsins gæðum. Við erum strax farin að huga að næsta Matarmóti og hlökkum til að þróa þennan viðburð áfram og auka sýnileika Austurlands sem fjórðungs sem er í fararbroddi þegar kemur að nýtingu á Landsins gæðum, samstarfi og sýnileika austfirskra framleiðenda úr austfirsku hráefni.

Meðfylgjandi myndir tók Tara Tjörvadóttir

Austurbrú



DJÚPAVOGSDEILDIN 2023



Sigurliðið - lið FMD

Lið deildarinnar: FMD

Leikmaður deildarinnar: Emilio Sær Ægisson

Nýliði ársins: Sigurður Atli Egilsson

Neisti deildarinnar: Ricardas (Rikki)

Fimm lið tóku þátt í Djúpavogsdeild Neista í sumar þar sem keppt var um hinn eftirsóttá Djúpavogsdeildarbikarinn í knattspyrnu sem gefinn er af JFS handverki. Þrjár umferðir voru spilaðar og fór fyrsta umferðin fram að venju á sjómanningadaginn en síðasta umferðin var í lok júní. Þau lið sem tóku þátt í Djúpavogsdeildinni þetta sumarið voru FMD, Hnaukabúið, Hótel Framtíð, Vetrarbruni og Vigdís Finnboga. Eftir hverja umferð var kosning sett inn á síðu deildarinnar á facebook þar sem maður hvers leiks var kosinn. Leikirnir hafa einnig verið sýndir í beinni útsendingu á síðunni þar sem upprennandi knattspyrnugóð hafa lýst leikjum. Úrslitaleikurinn fór fram þann 30. júní þar sem Hótel Framtíð og FMD öttu kappi að hinum eftirsóttá bikar. Úrslitaleikurinn var æsispennandi þar sem FMD stóð uppi sem sigurvegari annað árið í röð. Eftir leikinn fór fram kosning Djúpavogsdeildarinnar í heild sinni og eru úrslit hennar meðfylgjandi:

Eftirminnilegasta atvikið: Aldís Sigurjónsdóttir

Markvarsla ársins: Marcin Marszalek

Mark ársins: Francisco Gomez Vides

Maður leiksins (mesta kosning samanlagt úr leikjum deildarinnar): Askur Egilsson

Djúpavogsdeildin er afsprengr Cittaslow hugmyndafræðinnar og áhuga einstaklinga á að halda uppi íþróttalífi á Djúpavogsvelli. Löng hefð er fyrir knattspyrnuíðkun á Djúpavogi og með það að leiðarljósi hefur deildin blómstrað. Stjórn Djúpavogsdeildarinnar vonar að Djúpavogsdeildin verði áfram næstu sumur en til þess að það verði þarf fólk í stjórn og utanumhald. Mest af öllu þarf samt áhugasama liðsmenn í knattspyrnu og fjölda liða til að vera með!

LEFEVER SAUCE COMPANY ÞAKKAR VIÐSKIPTIN Á ÁRINU SEM ER AÐ LÍÐA & SENDIR YKKUR SJÓÐANDI HEITAR JÓLAKVEÐJUR

10%
AFSLÁTTUR
FYRIR ALLA
DJÚPAVOGSBÚA
(OG ANNAD SKEMMTILEGT
FOLK)

Í VEFVERSLUN
ALLA
AÐVENTUNA

AFSLÁTTARKÓÐINN ER
"HEIMA ER BEST"

LeFever

SAUCE CO.

INGIMAR SVEINSSON

Allt frá því að vinur minn, Ingimar Sveinsson frá Hálsi í Hamarsfirði féll frá 29. maí 2020, hefur það blundað í mér að reyna á áþreifanlegan hátt að sýna minningu hans þá virðingu sem vera ber. Á vordögum 2023 átti ég fund með ekkju hans, Erlu Ingimundardóttur og syni þeirra, S. Kristjáni. Stakk ég upp á, að tekinn yrði saman fróðleikur, er gæfi hugmynd um æviferil Ingimars og varpaði m.a. ljósi á mannkosti hans, fjölhæfni, listnæmi og kímni gáfu. Hafði ég í huga að birta í framhaldinu opinberlega það, sem ég taldi að gæti komið út úr viðleitni minni, og annarra sem að þessu verki kæmu. Sá ég fyrir mér að hluta af afrakstri slíks verkefnis mætti birta í hinu ágæta „staðarblaði“, Bóndavörðunni, en jafnframt skyldi unnið að því vinna ítarlegri samantekt fyrir austfirzk fróðleiksrit eins og Múlaping og Gletting. Í þessum ritum og víðar má reyndar nú þegar finna ýmsa fróðleikspætti, sem Ingimar tók saman í árána rás að ógleymdu ritverkinu um Sögu Djúpavogs.

Við Kristján höfum í samráði við Erlu - með hléum þó - unnið að framgangi málsins. Nú á haustdögum reyndum við að setja kraft í verkefnið og munu lesendur Bóndavörðunnar sjá hluta árangursins hér á eftir. Ítrekað er, að sökum plássleysis er ekki hægt að birta nema hluta samantektarinnar á þessum síðum og verður því „heildarútgáfa“ eins og áður greinir að biða betri tíma. Samantektinni í heild yrði ætlað að varpa ljósi á nokkra þætti í ævistarfi og samfélagsrýni hins fjölhæfa en jafnframt hógværa og geðþekka manns, sem Ingimar Sveinsson hafði að geyma. Má þar nefna: Skólamaninn, fróðleikspulinn, ljúflinginn „lífskúnsnerinn“, leiðsögumanninn, hagrýðinginn, félagsmálafrömuðinn og náttúruvininn, sem skildi eftir sig minningar, er búa enn í hugum fjölmargra vina og samferðarmanna.

Sumt af því sem fram kemur í þessari upptalningu, má finna skýr merki um í minningargrein, er Andrés Skúlason, fyrrverandi oddviti Djúpavogshrepps lét birta í Mbl. að Ingimar gengnum. Einnig birtist hér viðtal við fyrrum nemendur Ingimars. Að öðru leyti „heldur hann að mestu um pennann sjálfur eða fjarstýrir óbeint okkur hinum, sem að verkinu unnum.



Horft um öxl

Björn Hafþór Guðmundsson

Frá nemendum Ingimars & Bóndavörðu

Ingimar Sveinsson á sér stað í huga og hjarta margra, á og frá Djúpavogi. Það má glöggst sjá í frásögnum og æviágripi. Það má líka með sanni segja, að enginn búi á Djúpavogi lengi án þess að heyra á manninn minnst. Ingimar kynntist auðvitað mörgum vegna starfa sinna í kennslu og skólastjórn um árabil. Það er ekki ýkja algengt, að kennarar kenni tveimur og jafnvel þremur kynslóðum. Það eru sannarlega ófá dæmi um það fyrrnefnda hjá honum Ingimar.

Feðginin Reynir Arnórsson og Hafdís Reynisdóttir eiga góðar og hlýjar minningar um kennslu Ingimars. Hafdís gekk í Djúpavogsskóla árin 1985-1995 en Reynir 1953-1963. Ingimar kenndi Hafdís kristinfræði. Bæði segja þau hann afar góðan kennara í minningunni og að hann hafi alltaf komið vel fram við nemendur sína. „Ef okkur leiddist í tímum gátum við oft fengið hann til þess að segja okkur skemmtilegar sögur, bæði draugasögur og sögur frá Djúpavogi,“ segir Hafdís. Reynir staðfestir að svipað hafi verið uppi á teningnum þegar hann sat á skólabeck. Reyni er það minnstætt hve Ingimar hafi verið flinkur að tálga blýanta, þegar þörf var á. Hann notaði aldrei yddara. Feðginin nefna líka hve auðvelt hafi verið að sníkja af honum far, þegar þau nenntu ekki að ganga heim. Aldrei kom það til greina að skilja neinn eftir og oft verið raðað í bílinn. „Sumir fengu meira að segja að vera í skottinu. Þá voru aðrir tímar, hraði og umferð minni,“ segja þau glöð í bragði. Reynir segist muna vel, að ef menn voru óþekkir í skólanum hafi Ingimar átt til að klípa menn létt í öxlina. „Þá vissi maður að við hefðum gengið of langt.“ Hafdís segist alltaf hafa hlakkað til kennslustunda Ingimars, því sögunar hans hafi verið svo skemmtilegar og fróðleikurinn svo mikill.

Þúsundþjalasmiðurinn Ingimar Sveinsson hefur greinilega verið afburðamaður á öllum vígstöðvum. Það má vel sjá í samantekt Bóndavörðunnar honum til heiðurs.

Ingimar Sveinsson fæddist á Hálsi í Hamarsfirði 19. júní 1927 og lést 29. maí 2020.

Foreldrar hans voru Sveinn Stefánsson og Kristín Sigríður Stefánsdóttir bændur á Hálsi. Systir Ingimars var Aðalborg Sveinsdóttir sem lést 1978. Eiginkona Ingimars var Erla Ingimundardóttir. Þau eignuðust tvo syni, Sigurð Inga og Svein Kristján og eru afkomendur Ingimars og Erlu á annan tug.

Ingimar stundaði nám við Kennaraskólann í Reykjavík og lauk prófi 1952. Hann kenndi í þrjá vetur á Ólafsfirði og varð síðan skólastjóri við Grunnskóla Djúpavogs í 30 ár. Ingimar kenndi síðan í 10 ár við skólann, með eins árs starfsleyfi þegar hann var við nám í Kennaraháskóla Kaupmannahafnar árið 1969-70. Hann gegndi fjölmörgum trúnaðarstörfum fyrir hin ýmsu félagasamtök. Ingimar dvaldi síðustu fjögur ár ævi sinnar á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Uppsölum á Fáskrúðsfirði. Útför Ingimars var gerð frá Djúpavogskirkju 6. júní 2020.



Það er dýrmætt fyrir lítil samfélög, þar sem sagan liggur við hvert fótímál, að hafa á að skipa fólki sem hefur færni til að miðla fróðleik um liðna tíma svo að þeir sem eftir standa og erfa munu landið verði betur meðvitaðir um nærumhverfi sitt.

Nú er fallinn frá maður sem hafði allt þetta til að bera, fróðleiksbrunnur og einstakur persónuleiki sem skildi mikilvægi þess að deila heimildum um horfna tíma til komandi kynslóða.

Mér finnst í raun eins og að ég hafi þekkt Ingimar Sveinsson alla tíð. Það skýrist líkast til af því hve vel hann sagði frá, m.a. uppveiti sínum, staðhættum og mannlífi á árum áður. Ingimar var alltaf til í spjall og ósjaldan leitaði ég til hans þegar á þurfti að halda og þá helst þegar vantaði heimildir um hvaðeina sem hafði með sögu svæðisins að gera og alltaf kvaddi maður einhvers vísari. Það voru margir sem leituðu einmitt til Ingimars þegar afla þurfti heimilda um svæðið. Ég var því aldeilis ekki einn um það. Ingimar gaf því meira af sér í þessum efnum en aðrir þeir sem ég hef kynnst um ævina. Mér varð svo sífellt ljósara eftir því sem árin liðu hvað honum var það mikið hjartans mál að rétt væri farið með og sagan kæmist áfram til skila.

Oftar en ekki lá leið okkar um gamla Hálsþorpið sem er steinsnar frá Djúpavogi. Var þá stundum að við Hálskirkjugarð og þá gjarnan horft upp á túnið ofan við garðinn þar sem bernskustöðvar hans að Hálsi höfðu staðið og glaðlegt blik í augum bættist við frásögnina. Þarna voru rætur hans og æska og þar leituðu minningarnar á hann við hvert fótímál. Þeim minningum kunni hann öðrum fremur að deila. Staðhætti og mannlíf í Hálsþorpi bar því oft á góma í ferðum

okkar og líkast til var honum enginn staður hugstæðari en einmitt þar sem við stóðum og horfðum yfir Hálsa og Hálsarætur.

Það hefur án vafa verið einstakt að alast upp í þessu fallega umhverfi, með Hultrana og Hálsfjallið yfir sér, lækjarseytlur og reisulega bergganga og strýtur í nágrenni til að klifra í. Útsýnið frá Hálsi er fallett yfir Hamarsfjörðinn og því var það varla tilviljun að Ingimar og Erla byggðu heimili sitt í góðu skjóli undir Borgarhól úti á Djúpavogi þar sem útsýnið blasir við yfir hluta Hamarsfjarðar. Stundum tókum við auka sögurúnt lengra inn í Hamarsfjörðinn. Þá var oft staldrað við Djáknadys og tæru lindina Vígðalæk og svo á Krossfletinum og fleiri merkjum stöðum sem bera söguna með sér.

Í þessum bókum eru sögu Djúpavogs og nágrennis gerð hnitmiðuð og góð skil. Bækur þessar hafa sannarlega reynst mikill fengur, ekki síst þegar leita hefur þurft heimilda. Um langt árabíl voru þær vinsælasta gjöf sveitarfélagsins og eru líkast til enn í dag, t.d. við opinberar heimsóknir ráðamanna og annarra góðra gesta.

Ég tel mig geta staðhæft að fáir eða engir hafi til þessa lagt jafn mikið og heildstætt af mörkum til að viðhalda menningararfi Djúpavogs og Ingimar Sveinsson. Það er gríðarlega dýrmætt fyrir samfélagið á svæðinu um ókomna tíð. Ingimar hefur efalaust að einhverju marki notið þess sem fyrrverandi kennari og skólastjóri á Djúpavogi að eiga auðvelt með að miðla fróðleik sem hann hélt svo áfram eftir að starfi hans við Djúpavogsskóla lauk. Einnig hafði hann þá náðargáfu sem er ekki öllum gefin og felst í lifandi frásagnarstíl sem fær fólk til að leggja við hlustir. Og ekki skemmdi fyrir að Ingimar bjó yfir góðum orðaforða og hafði góð tók á íslensku máli. Og alltaf var stutt í glettnina þegar við átti.

Ingimar tók oft en ekki að sér leiðsögn um svæðið þegar gesti bar að garði og þá var leitað til hans. Talið bara við Ingimar, hann er með þetta á hreinu var oft en ekki viðkvæðið. Þá gildi einu hvort farið var með ferjunni út í Papey eða um Djúpavog og nágrenni. Um langt árabíl var því oft leitað til Ingimars en annarra þegar menn vildu fræðast um eitthvað tengt svæðinu.

Og án þess að ég hafi um það spurt þá leyfi ég mér að efast um að hann hafi nokkru sinni neitað þegar leitað var til hans því að alltaf gaf hann sér tíma og var í raun þakklátur fyrir að fá að miðla endalaust úr fróðleiksbrunni sínum.

Þekking og áhugasvið Ingimars lá víðar því að náttúran og lífríkið allt var honum hugleikið rétt eins og sagan. Ingimar sá meðal annars um vetrarfuglatalningar fyrir Náttúrufræðistofnun um langt árabíl á gömlu heimaslóðunum inn með Hamarsfirði og þegar hann tók að reskjast þá gengum við í lið með honum, undirritaður og Kristján sonur hans. Þessar fuglatalningarferðar voru í raun ómissandi þáttur í tilveru okkar um árabíl og ekki laust við að það væri spenningur kringum hver áramót þegar viðraði til talningar. Spurningar vöknuðu í upphafi ferða: Myndum við sjá eitthvað af himbrima, fjöruspóa og kannski hvinandarparið, eða þá stelkinn sem hélt sig alltaf við kaldavermslækinn í Henglavíkinni? Þessar fuglatalningarferðir þykir mér óskaplega vænt um að hafa átt með þeim feðgum. Svo bárum við gjarnan saman bækur okkar, hvort hefði verið meira eða minna af þessari eða hinni fuglategundinni frá því í fyrra og svo fletti Ingimar líka upp í áratuga gömlum talningabókum. Jú, sannarlega hafa orðið marktækar breytingar á fuglalífi á svæðinu á þessum tíma.

Ingimar var líka mikill dýravinur og var um árabíl með nokkrar kindur sér til gamans. Þá var spjallið gjarnan tekið við fjárfokann í Löngulág þegar gefið var á garðann.

Það var mikil gestrisni og einstaklega gott að koma á heimili þeirra góðu hjóna Ingimars og Erlu á Borgarhóli. Þá var spjallað um heima og geima. Meðal annars ræddi Ingimar nokkuð oft við mig að gaman væri koma því í kring að Miðmorgunspúfan yrði hlaðin upp aftur á pari við það sem hún hefði verið þegar hann mundi fyrst eftir. Þarna uppi á stóra bergganginum hafði verið áberandi þúst og öllu hærri og veglegri en stærstu fuglaþúfur. Kannski mun þessi veglega þúst á hamrinum verða hlaðin að nýju einhvern daginn eftir heimildum frá Ingimar.

Síðustu árin þegar heilsunni hrakaði og Ingimar þurfti að dveljast fjarri heimili sínu heyrðumst við nokkuð reglulega í síma. Þá bar ferðir fuglanna ætíð á góma og svo var eins um síðasta símtalið sem við áttum fyrir ekki svo löngu. Þá var meðal annars rætt um afkomu ýmissa fuglategunda og áleit Ingimar að lönni væri að fækka frá því hann mundi fyrst eftir.

Nú hefur Ingimar Sveinsson, minn góði félagi og vinur sem hafði svo mikið að gefa, kvatt heimaslóðirnar sínar kær. Hann verður um ókomna tíð órjúfanlegur hluti af þeim bestu minningum sem ég mun geyma með mér frá Djúpavogi.

**Nú hnígur sól
Nú hnígur sól að sævarbarmi,
sígur húm á þreytta jörð.
Nú blikar dökk á blómahvarmi,
blundar þögul fuglahjörð.
Í hljóðrar nætur ástarörmum
allir fá hvíld frá dagsins hörmum.**

(Axel Guðmundsson)

Andrés Skúlason.

NÁTTÚRUVERND, --- NEMA HVAD ?

Á rölti mínu í blíðviðrinu á Austurlandi í september, með myndavél um öxl, áskotnuðust mér nokkrar myndir sem ég læt fylgja þessum pistli. Þær eru úr nágrenni Djúpavogs og benda heldur til þess að líf geti leynst í steinunum, a.m.k. ef maður hefur ímyndunaraflið í lagi. Það er fljótlegt að brjóta niður einn lítinn klett sem myndaðist fyrir nokkrum miljónum ára. Við skulum því gæta að okkur áður en við látum sleggjuna falla eða beitum loftpressunni á athyglisvert náttúrufyribæri. Hér skammt frá þorpinu á Djúpavogi er lágvaxinn klettaröðull sem nefndur er Sjónarviptir. Nafn sitt hlaut hann af því að gamall og góður vinur minn bað honum vægðar, er brjóta skyldi grjót í uppfyllingu. Hafði hann þau orð um að sjónarsviptir væri að klettinum ef hann hyrfi. Þetta var nú satt að segja fyrir daga hinnar eiginlegu náttúruverndar með tilheyrandi fjölmiðlafari, --- og þó.

Fyrir löngu datt sumum í hug að sniðugt gæti verið að varðveita sitthvað í hinni ósnortnu náttúru. Maður nokkur var á ferð hér austanlands og kom við á Teigarhorni í Berufirði árið 1794. Á Teigarhorni hafa löngum fundist dýrmætir steinar. Þetta var Sveinn Pálsson, læknir og náttúrufræðingur. Honum blöskraði umgengni útlendinga á svæðinu og skrifaði á sínum tíma eftirfarandi: „Ég á engan veginn við menn eins og Olavius, Mohr og þeirra líka, sem gæta þess að spilla engu, heldur hina ágjörnu kaupmenn á næstu höfnum, meðal annarra einn, Kyhn að nafni, sem hefur getið sér mestan orðstír núlifandi manna með heimskulegri græðgi í steina. Á síðustu árum hafa líka einstakir menn í Kaupmannahöfn sent hingað skemmdarvarga. Einn slíkur, Christian að nafni, frá postulínsverksmiðjunni í Kaupmannahöfn, dvaldist hér í sex vikur og réðst með púðursprengingum, járnkörlum og fleira á þessar vesalings klappir héra í nágrenninu. Hafði hann á brott með sér hinar dýrmætustu konungsgersemar, svo sem hársteina, krystalla og annað slíkt.”

Þannig mælti sá mæti maður Sveinn Pálsson læknir fyrir rúmum 200 árum.

Frá því á 19.öld hefur búið gott fólk á Teigarhorni sem vel hefur annast hársteina og krystalla í sjávarbökkum. Vonandi að svo verði um ókomin ár. Það er vel þess virði fyrir eldri borgara á ferð, og annað ferðafólk, að líta inn á steinasafnið á Teigarhorni og kynna því í leiðinni hve merkilegt ævistarf fyrsti kvenljósmyndari á Íslandi, Nikólína Weywadt, skildi eftir sig.

Ingimar Sveinsson
Djúpavogi.

Birtist í Listin að lifa - 4. tölublað (15.10.2001)

MYNDLISTASÝNING

Þann 19. júní í sumar var opnuð málverkasýning með verkum eftir Ingimar Sveinsson. Dagurinn var ekki tilviljun, Ingimar fæddist þann 19. júní 1927. Það voru margir sem vissu ekki að Ingimar hefði fengist við myndlist en hann var búinn að gera það lengi. Ingimar fæddist og ólst upp á Hálsi við Hamarsfjörð. Einhverjir kunna að spyrja sig hvort eitthvað sérstakt var í vatninu á þessu svæði á þessum tíma en bræðurnir og listamennirnir Ríkarður og Finnur Jónssynir fæddust og ólust upp á næsta bæ, Strýtu nokkru fyrir og ekki má gleyma því að Stefán Jónsson rithöfundur fæddist líka á Hálsi.



Bjarminn frá brennandi myllunni lýsti upp dimma vetrarnóttina



Strýta

Ef til vill hefur eitthvað listfengi og hæfileikar leynst í genunum líka, þar sem Jóhannes Kjarval og Sveinn faðir Ingimars voru systkinasynir og jafnaldrar.


Ingimar stundaði nám við Kennaraháskóla Íslands frá 1948 til 1952 og þar hlaut hann sína fyrstu tilsögn í teikningu og listmálun en kennari hans þar var hinn landsfrægi Jóhann Briem listmálari.

Að loknu kennaranámi réði Ingimar sig til kennslu á Ólafsfirði þar sem meðfram kennslunni skráði hann sig í danskan bréfaskóla þar sem kennd var fríhendisteikning. Þetta nám stóð yfir frá árinu 1954 til 1961 eða samtals í sjö ár. Verkefni fékk Ingimar send í pósti og hann sendi teikningar til baka, svo fékk hann þær til baka í næsta bréfi ásamt umsögn og nýjum verkefnum.

Dæmi um verkefni sem hann fékk var „Bjarminn frá brennandi myllunni lýsti upp dimma vetrarnóttina“.

Til eru á annað hundrað verkefni eftir Ingimar frá þessum tíma.

Í máli Kristjáns Ingimarssonar við opnun sýningarinnar kom fram að hann stóð í þeirri meiningu sem lítill drengur að aðeins væru til tvær eða þrjár myndir eftir Ingimar sem voru á heimili hans. Síðar kom í ljós að verkin leyndust víðar og þegar tekinn var saman listi yfir öll verk hans í tilefni af sýningunni kom í ljós að þau voru á sjötta tug. Á sýningunni í Löngubúð voru um þrjátíu verk, öll í einkaeigu og efnistökin að mestu náttúran.



Papey

Þau sem lánuðu myndir á sýninguna fá bestu þakkir fyrir aðstoðina og sömuleiðis Langabúð og starfsfólk þar fyrir að hýsa sýninguna.

GISTING Á VETURHÚSUM

Það gæti hafa verið seint í nóvember 1946, að við tveir ungir frændur fengum þá flugu í höfuðið að fara á rjúpnaveiðar í Hamarsdal. Við settum stefnuna á svokallaða Veturhúsaskóga austan Hamarsár. Á þessum árum var mikið og gott rjúpnaland í Hamarsdal og nokkuð algengt að menn héldu þangað og hrepptu oft góðan feng. Ekki voru bílar algengir á þessum árum og ekki um annað að ræða en búa sig út með nesti og nýja skó, eins og segir í ævintýrunum, og arka af stað fótgangandi.

Á þessum árum átti ég heima á Hálsi í svokölluðu Hálsþorpi, skammt frá Djúpavogi. Þar var ég í foreldrahúsum. Um þetta leyti vetrar voru bændur að fara í eftirleitir í dali í þeim tilgangi að ná sauðfé að húsum áður en vetrarveður gengju í garð. Nokkur frost höfðu verið síðustu dagana og eljagangur, svellótt og grá jörð. Ég komst á snöðir um að nágranni minn, Gísli bóndi á Strýtu, sem var mikill fjallgöngumaður, væri að búa sig í eina slíka eftirleit og mundi taka daginn snemma. Fór ég þess á leit við hann að fá að verða samferða að Hamri við botn Hamarsfjarðar og jafnvel eitthvað lengra. Var það auðsótt mál.

Lögðum við af stað um kl 6 að morgni í björtu veðri og fremur köldu. Fullur máni skein yfir Melrakknesfjalli svo við sáum vel til að ganga. Gísli bar smalaprik um öxl en ég tvíhleypu af gerðinni Hooton & Jones. Úr Hálsþorpi að Hamri var talið að menn þyrftu að ætla sér einn og hálfan klukkutíma að ganga og tvo tíma frá Hamri að Veturhúsum. Veturhús höfðu farið í eyði árið 1946 en hús stóðu þar uppi. Þar höfðu búið hjónin Snjólfur Stefánsson og Ásdís Sigurðardóttir frá árinu 1909 og komið upp stórum barnahóp. Þau fluttu á Djúpavog vorið 1946.

Þegar við komum að Hamri var fólk komið á fætur, heitt kaffi á borðum, brauð og sláturmatur. Slíkur viðurgerningur var daglegt brauð á Hamri, enda oft mikill gestagangur, ekki síst í sláturtíð á haustin. Voru góðgjörðir vel þegar eftir gönguferðina og síðan stefnan tekin á dalinn. Þarna bættust í hópinn, Ólafur Þórlindsson, bóndi á Hamri, Örn, sonur hans og Snjólfur Stefánsson, fyrrum bóndi á Veturhúsum. Eldri mennirnir báru stafi að styðjast við en Örn byssu nr.20, (Huskvarna eða Kongsberg) enda gert ráð fyrir, að hann héldi til rjúpnaveiða.

Við gengum nú sem leið lá yfir svokallaðan Vindás, innan við bæinn á Hamri og inn Bakka austan Hamarsár, neðan bæjar í Hamarsseli. Langagilsá (þverá Hamarsár), reyndist okkur ekki mikill farartálmi, þótt hún hefði frosið og bláð nokkuð upp. Komum við þá að klettabelti, sem liggur þvert yfir dalinn, og gengum við upp svokallað Einstigi, tæpa götu í klettunum. Komum við þá í kjarri vaxið mishæðótt land, kjörlendi rjúpna og sauðfjár síðla hausts.

Hér skildi leiðir. Rjúpnamenn lögðu á brattann. Þeim þótti meiri veiðivon hærra í fjallinu. Sú von brást þó að mestu. Rjúpur voru ekki margar í Skógunum þennan daginn. Smalamenn færðu sig innar í dalinn, þar sem þeir fundu einhverjar kindur og komu þeim í áhaldi á Veturhúsum. Í rökkurbyrjun var gengið inn í gamla bæinn, kveiktur upp eldur í gamalli eldavel og brátt varð hlýtt og notalegt í baðstofunni. Nesti var tekið upp og matast. Eftir máltíðina færðist ró yfir mannskapinn.

Þarna voru einhver teppi og sængurföt, enda gert ráð fyrir að húsið yrði hæli smalamanna í haustgöngum. Eftir notalegt kvöldspjall og kannske eina eða tvær rímnastemmur var lagst til hvíldar og var öllum full þörf á því. Ég held að Snjólfur á Veturhúsum hafi verið eini maðurinn í þessum byggðarlögum, sem á tuttugustu öldinni kunni að kveða rímur og gerði það svo vel að þeim, sem á hlýddu verður lengi minnisstætt. Þá list heyrði ég hann eitt sinn leika í litlu stofunni á Hálsi. Þá var ég barn að aldri.

Að lokinni góðri næturhvíld var morgunkaffi drukkið og með fyrstu skímu snúið sér að því verkefni að reka þær kindur, sem fundist höfðu, saman í hóp og halda til bæja utar í dalnum. Veðurútlit hafði nokkuð breyst. Þykknað hafði upp og dregið úr frosti. Eljadrög voru í fjöllum og þéttust nokkuð er á daginn leið. Rjúpnamenn tóku á sig nokkurn krók í því skyni að bæta við afla gærdagsins. Ekki gáfu þau aukspor þó verulegan árangur. Getur þó verið að fáeinir sauðkindur hafi bæst í fjárhópinn. Var síðan amlað áfram uns komið var í Hamar. Tók nú að rökkva. Hafði dregið úr frostinu. Á Hamri var að venju matur og kaffi á borðum.

Ferðafélagi minn, Gísli, ákvað að verða eftir á Hamri til frekari starfa við að ná saman sauðfé, en ég lagði um öxl litla rjúpnakippu og tvíhlepuna góðu. Hélt ég síðan út á þjóðveginn norðan Hamarsfjarðar. Óðum dimmaði og brátt tók að rigna. Í fyrstu lýsti snjógráðið upp veginn, en þegar frá leið varð erfiðara, vegna bleytunnar, að sjá glerhála svellbletti í götunni. Var því ekki um annað að ræða en ganga varlega og kunna fótum sínum forráð.

Brátt kom þó að því að kalt rigningarvatnið tók að seytla niður eftir bakinu á mér og innan skamms var ég orðinn gegnvotur, enda ekki klæddur til að vera á ferð í vatnsveðri. Áfram baksaði ég þó eftir svellóttum veginum með rennblautar rjúpnar sem smátt og smátt urðu óhrjálegar. Ég staulaðist fram hjá Djáknadysinni, sem geymir mörg hundruð ára gamla beinagrind djáknans frá Hamri, sem átti að hafa fallið fyrir hendi prestsins á Hálsi. Segir frá þessu í þjóðsögum Jóns Árnasonar og hefur mörgum þótt afleitt að vera þarna á ferð í myrkri.

En í hjarta mínu var engin óttatilfinning, enda hafði ég oft farið þarna framhjá, bæði í björtu og dimmu án þess að þessi gamli maður gerði mér nokkurn óskunda. Ég reyndi þó að hraða för minni eftir föngum í myrkrinu. Brátt var ég kominn yfir Rauðuskriðu og að Valtýskambi þar sem óbótamaðurinn Valtýr stóð á höfði heilan messutíma til að bjarga lífi sínu, en um það afrek mun lítið finnst skráð. Sagan var þó fersk í huga fólksins sem bjó við Hamarsfjörð á 20. öld.

Heldur syrti í álinn er ég kom út fyrir Valtýskamb, enda eru þar blautar mýrar hallandi niður að sjó. Nú var þar eitt samfellt flughált svell niður í fjöru. Sá ég ekki annað ráð fyrir hendi en reyna að komast upp í brekkurnar. Þar var að mestu svellalaust, en bratt og blautt. Greip ég til þess ráðs að leggjast á hnén og skríða þar sem brattast var, en ekki sleppti ég byssunni eða rjúpunum. Komst ég brátt á þjóðveginn aftur og var nú orðið stutt heim að Hálsi. Feginn varð ég þegar ljósið á Aladdinlampanum í eldhúsinu á Hálsi birtist bak við hæðirnar niður af Hultrabrekkum. Foreldrar mínir höfðu haft af mér nokkrar áhyggjur, en vissu þó að strákurinn var nokkuð kunnugur leiðinni. Kannske ekki svo ógætinn þegar til alls kom. Gott var þá að fara í þurr fót, fá heitan mat og háttá ofaní hlýtt rúm.

Ingimar Sveinsson

INGIMAR SVEINSSON & KVEÐSKAPUR

Hér kemur kveðskapur eftir Ingimar Sveinsson og/eða vísur þar sem hann kemur við sögu:

Um Boga Ragnarsson

Hann var pípulagningarmeistari og “altmuligmann” á Djúpavogi sem oft kom í kulda og trekki til að bjarga fólki í vandræðum.

Bili vélar og brotni hjól,
og brátt ef halda skyldi jól,
oft ljós vilja ekki loga.
.. leitaðu strax til Boga.

Hann kemur með rörtöng og rótar til
og ræðir við fólkið um stundarbil
svo ljós fara aftur að loga
.. allt leikur í höndum á Boga.

Til Boga Ragnarssonar

Oft á ferð með töng og tvistinn,
talaðir margt um þetta og hitt.
Aldrei brást þér BOGA-listin
að bjarga yl í húsið mitt.

Vísagáta Ingimars (sem hann færði Birni Hafþór Guðmundssyni, vini sínum). (Sjá lausn aftast).

Ýmsir kóngar, áður fyr
út í löndum ríktu.
Aðrir - fyrst að um það spyr(ð)
upp úr sjónum kíktu.

„Höft og sköft“

Um ævina hef ég axarsköft
allmörg gert og handleikið,
en þurfi ég aka um Axarhöft (= ófæra Öxi)
oftlega þá til guðs ég bið.

„Hani í hænuhóp“

Ásgeir Hjálmarsson sá Ingimar á bryggjunni, ferðbúinn í
Papeyjarferð með hóp sem m.a. voru í kennslukonur, komnar á
efri ár.

Kerlingarnar kringum hljóp
kunnáttu vildi skerpa,
líkt og hani í hænuhóp
sem hættur er að verpa.

Meira tengt Papey

Um refilstigu í Papey, röltum bæði tvö
og rákum nokkra langt að komna „sauði“.
Vorkenndi oss enginn að vakna klukkan sjö
og vinna fyrir dagsins lifibrauði.

Minningar frá Melrakknesi (líklega 2011)

Úti á tanganum Þórunn enn þraukar
.. þar vaxa rósir og alls konar laukar
.. og lömbin í mýrinni maula sitt gras..
man ég þó best er við frændurnir gægðumst í glas.
(Karl Andrés Sigurgeirsson í Melrakknesi).

Högni á Krossi áttræður 4. sept. 2008

Sit heill, vinur, vart neinn smákall (= smákarl)
er víða kleif í bröttu fjalli.
Þekktur fyrir að húkka hákall (= hákarl)
og hengja upp í grindarhjalli.

Blómvöndurinn

Ingimar og Erlu voru að vorlagi færð sumarblóm frá Hornafirði í
kalsaveðri og áhöld um, hversu vel innihald blómvandarins myndi
þola vösbúðina. Við eldhúsbörðið í Borgarhól varð eftirfarandi
til, þegar viðstaddir gæddu sér á veitingum:

(Sendiboðinn)
Sjaldan hef ég þegið borgun betri
borðið þakið kræsingum og osti.
(Ingimar)
Sendur var með sumarblóm að vetri,
sem að lifa í dag að minnsta kosti.

Næstu 2 vísur lýsa kímniáfa Ingimars mjög vel og færni hans að
leika sér með tvíræð orð

Eftir Lions-hátíð í Hamraborg 8. apríl 1973.

Taka þurfti til í húsinu að samkomu lokinni, en líklega hafa
einhverjir viðstaddir þurft á blundi að halda eða aðrir jafnvel
fengið sér blund, meðan á veislu stóð.

Skemmti sér fólkið skrambi vel,
nú skal í hreinsun gengið.
„Hænublind eftir hanastél“
sér hafa sumir fengið.

Á veitingastað 2008

Gott finnst mér við góðan vin
um gamlar sögur tala.
Hann er að drekka „hænugen“ (=Heineken)
hann fer brátt að gala.
(Drekki menn Heineken í óhófi eiga sumir það til að
missa vald á ýmsu).

Lausn á vísagátu: „Beitukóngur“

Ert þú með frábæra hugmynd?

Bygðaráráð Múlaþings auglýsir til umsóknar styrki til menningarstarfs á árinu 2024 með umsóknarfresti til og með 20. desember 2023.



Múlaþing veitir menningarstyrki til almennrar liststarfsemi, viðburða eða verkefna. Umsækjendur skulu tengjast Múlaþingi með búsetu, með því að viðburðurinn fari fram í Múlaþingi eða feli í sér kynningu á menningarstarfsemi Múlaþings.

Styrkir eru að upphæð 50.000 – 500.000 kr.

Tvær úthlutanir verða á árinu 2024: 80% af úthlutunarfé verður úthlutað í janúar og 20% af úthlutunarfé verður úthlutað í september.

*Sótt er um styrk með rafrænum hætti á Íbúagátt sveitarfélagsins. Nánari upplýsingar um umsóknarferlið má nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins. Vinsamlegast hafið samband við verkefnastjóra menningarmála fyrir frekari upplýsingar og ráðgjöf. Jónína Brá Árnadóttir verkefnastjóri menningarmála á jonina.arnadottiremulathing.is eða í síma **4 700 700**.*

Do you have a great idea?

Múlaþing Executive Board calls for applications for cultural project grants for 2024. The application deadline is December 20th 2023.


Múlaþing cultural grant is intended for artistic activities, events, or projects. Applicants must be connected to Múlaþing in some way, either through residence, that the event takes place in Múlaþing or includes a promotion for Múlaþing's cultural activities.

Grants are in the amount of 50.000 – 500.000 kr.

Two allocations will be advertised for 2024: 80% of grantfee will be allocated in january and 20% in september.

*To apply please use the municipality Resident Portal. Further information about the application process can be accessed on the municipality's website or for advice please contact cultural project manager Jónína Brá Árnadóttir verkefnastjóri menningarmála at jonina.arnadottiremulathing.is or by phone **4 700 700**.*

MENNING Í MÚLAÞINGI



Það er ekki hægt að segja annað en að menning í Múlaþingi sé gróskumikil og má þar finna rótgróna viðburði á borð við Hammondhátíð, Rúllandi snjóbolta, LungA, Ormsteiti og Bræðsluna auk fjölda fjölbreyttra viðburða og verkefna íbúum og gestum til ánægju. Öflug og mikilvægu starfi menningarstofnana má ekki gleyma og ber starfsemi þeirra vott um þann fjölbreytileika sem ríkir í menningarlífi sveitarfélagsins.

Menningu í samfélaginu okkar má finna víða og á fjölbreyttu formi. Menning er þeim skemmtilega og góða hæfileika gædd að það geta flestir fundið eitthvað við sitt hæfi og á atvinnu- og menningarsviði Múlaþings viljum við hlúa að gróskumikilli grasrót og hvetjum því hér með einstaklinga, hópa eða aðra til þess að kynna sér menningarstyrki Múlaþings fyrir verkefni og viðburði ársins 2024.

Á árinu 2023 var 1.383.500kr veitt til fjölbreyttra og áhugaverðra menningarverkefna á Djúpvogur í gegnum menningarpott Múlaþings. Þetta voru verkefni og viðburðir á borð við ljósmyndasýningar, tónleika, minnisvarða, námskeið og hljóðbók svo eitthvað sé nefnt.

Reglur um menningarstyrki og aðrar upplýsingar má finna á vef Múlaþings – mulathing.is

Ef einhverjar spurningar vakna um menningarstyrki og verkefni má alltaf hafa samband við Jónínu Brá Árnadóttur á jonina.arnadottir@mulathing.is

Hlökkum til að heyra frá ykkur!

LJÓSMYNDASÝNING TEIGARHORNI



Helgina 4.-5. nóvember síðastliðinn var haldin ljósmyndasýning í gömlu fjárhúsunum á Teigarhorni. Ábúandi Teigarhorns, Þuríður Elísa Harðardóttir, sýndi þar vel valdar myndir sem hún hefur tekið undanfarin ár. Ljósmyndasýningin bar nafnið Silfurrönd en myndirnar sem þar voru sýndar hafa veitt ljósmyndara þeirra gleði í amstri dagsins.

Það er bæði viðeigandi og skemmtilegt að haldin sé ljósmyndasýning á Teigarhorni. En þar bjó Nicoline Weywadt (1848-1921) sem lærði ljósmyndun í Kaupmannahöfn fyrst kvenna á Íslandi. Hún reisti við Teigarhorn ljósmyndaskúr og hún hélt úti sinni eigin ljósmyndastofu þar sem hún starfaði að iðn sinni. Hennar er jafnan minnst sem eins snjallasta ljósmyndara landsins og eru ýmis áhöld hennar til ljósmyndunar varðveitt í Þjóðminjasafninu. Þuríður fetar því skemmtileg fótspor sögunnar með framtaki sínu sem er vonandi aðeins byrjunin á vegferð hennar í ljósmyndun.

Ljósmyndasýning Þuríðar á Teigarhorni fékk mjög góðar viðtökur sem fóru fram úr hennar björtustu vonum. Hátt í 60 manns sóttu sýninguna. Þuríður er þakklát fyrir frábærar móttökur á viðburðinum og öllum þeim skemmtilegum samtölum sem spruttu út frá hinum ýmsu myndum. Þuríður vill þakka öllum sem sóttu sýninguna og Múlaþingi sem gerði henni kleift að halda hana með menningarstyrk sveitarfélagsins.

FRÁ HEIMASTJÓRN DJÚPAVOGS



Frá íbúafundi heimastjórnar 7. nóvember s.l.

Heimastjórn vill byrja á því að þakka íbúum fyrir afar góða mætingu á íbúafundinn 7. nóvember. Á fundinum sköpuðust líflegar og góðar umræður og spurðu íbúar fjölda spurninga og komu með margar góðar ábendingar.

Á heimastjórnarfundinum tveimur dögum síðar var farið yfir samantekt spurninga og ábendinga frá fundinum og fulltrúa sveitarstjóra falið að afla nauðsynlegra upplýsinga, vísa málum áfram ef við á og fara yfir niðurstöðurnar á fundi heimastjórnar 4. desember. Þær niðurstöður verða í fundargerð fundarins.

Staða lykilverkefna á borði heimastjórnar

Á fundinum minnti heimastjórnarfulltrúi á og fór lauslega yfir skjalið með stefnumótandi markmiðum og yfirlitinu yfir lykilverkefni á borði heimastjórnar og stöðu þeirra sem upphaflega var kynnt á íbúafundinum í mars.

Skjalið er og hefur verið aðgengilegt íbúum frá því í vor, efst í Facebook hópi heimastjórnar og nú einnig á vef Múlapings, þegar smelt er á Heimastjórn Djúpavogs. Tilgangurinn með skjalinu er að bæði heimastjórn og íbúar hafi betri yfirsýn yfir þau mál sem eru í gangi og stöðu þeirra hverju sinni.

Hægt er að smella á hvert og eitt verkefni og þá kemur upp ferill málsins; allt sem hefur verið bókað um það frá því málsnúmerið var stofnað, en mál sem koma formlega á borð heimastjórnar fá sérstakt málsnúmer. Fyrir framan verkefni sem hafa málsnúmer er bókstafurinn M.

Í skýrslu fulltrúa sveitarstjóra í lok hvernar fundargerðar er gefin upp staða verkefna sem voru ekki á dagskrá fundarins, en eitthvað er að fréttu af. Þau mál eru einnig í skjalinu og ef smelt er á þau opnast viðkomandi fundargerð. Fyrir framan þau verkefni er bókstafurinn S.

Bakkabúð óskar öllum gleðilegra jóla og þakkar viðskiptin á árinu.

Opnunartími í desember verður auglýstur á facebooksíðu Bakkabúðar.

Einnig viljum við minna á fría heimsendingu fyrir Djúpavogsbúa af öllum vörum á www.baejarbud.is



Cittaslow ráðið

Á dagskrá fundarins var ávarp fulltrúa Cittaslow ráðs heimastjórnar sem hefur nú starfað í að verða ár. Eitt af því fyrsta sem núverandi heimastjórn lagði mikla áherslu á var að tengiliður og umsjón Cittaslow yrði á Djúpavogi. Úr varð að starfsmaður heimastjórnar færi með umsjónina og að skipað yrði í sérstakt Cittaslow ráð.

Sex kjarnakonur á Djúpavogi gáfu kost á sér og hefur starf ráðsins verið langt umfram það sem ætlast er til. Í erindisbréfinu er talað um tvo fundi á ári, en þegar þetta er skrifað hefur hópurinn fundað tólf sinnum og staðið fyrir ýmsu. Má þar helst nefna skráningu og varðveitingu samtímaheimilda, Cittaslow daginn og umsjón með Dögum myrkurs á Djúpavogi.

Skemmtiferðaskip og tekjur hafnarsjóðs

Á fundinum var fulltrúi sveitarstjóra með kynningu þar sem hann fór yfir helstu framkvæmdir á árinu, framkvæmdaáætlanir og hugmyndir. Eins fór hann yfir helstu tölur tengdar skemmtiferðaskipum sumarsins 2023. Þar kom fram að fjöldi skipa var 62, farþegar 37.232 og áhafnir 21.039. Heildartekjur hafnarsjóðs það sem af er ári eru 116 milljónir og af því komu 78 milljónir í gegnum hafnargjöld skemmtiferðaskipa.

Farið var yfir áskoranir sem tengjast innviðum, samvinnu og aðgangsstýringu og tækifærin tengd þjónustu og verslun. Á næstu dögum fer fram könnun þar sem leitað verður eftir viðhorfi íbúa til komu skemmtiferðaskipa og þess álags á innviði sem því óumdeilanlega fylgir. Þegar niðurstöður liggja fyrir munu þær nýtast við frekari stefnumörkun hafnanna.

Helstu framkvæmdir ársins og framtíðaráætlanir

Mikið hefur verið framkvæmt og margt er í bígerð á svæðinu. Unnið er að því að klæða skólann og ætti þeim framkvæmdum að ljúka fljótlega. Skólalóðin var nýlega malbikuð og í fjárfestingaráætlun Múlapings er svo gert ráð fyrir frekara fjármagni til uppbyggingar skólalóðarinnar á næsta ári. Gert er ráð fyrir að göngustígur verði lagður frá leikskólanum að íþróttahúsinu á næsta ári. Leikkastali var settur upp í Blánni og rampar við leikskólann, Steinasafn Auðuns og Við Voginn.

Unnið er að göngustíg meðfram Víkurlandi og stefnt að því að hann verði malbikaður á næsta ári. Gert er ráð fyrir lýsingu á leiðinni og bekkjum fyrir vegfarendur. Einnig hefur lýsing verið sett upp á nokkrum stöðum við gangbrautir í þorpínu. Unnið hefur verið að endurbótum á umhverfi Faktorshússins og Löngubúðar, gangstétt steipt meðfram Mörk og unnið er að því að steypa þekjuna við höfnina. Malbikað var við Tryggvabúð og þar hefur verið komið upp grenndarstöð.

Almenningssalernir verður tekið í notkun í Sætúni á nýju ári sem bætur úr brýnni þörf. Næsta sumar er gert ráð fyrir að nýtt þjónustuhús rísi við smábátahöfnina og skúrarnir tveir sem þar eru verði fjarlægðir. Ný gangstétt verður steipt meðfram Eggjunum í Gleðivík sem mun taka við af göngustígnum í Víkurlandinu. Áfram er unnið að nýju skipulagi varðandi innkomuna í bæinn og uppi eru hugmyndir um metnaðarfulla uppbyggingu í tengslum við höfnina í Gleðivík.

Borun eftir heitu vatni hefst nú í desember. Finnist heitt vatn í nægu magni mun það hafa mikil áhrif, hvort tveggja fyrir íbúa og atvinnulíf. Ýmislegt fleira mætti nefna, en ekki gefst pláss til að fara yfir það hér og því vísun við íbúum á skjalið með yfirlitinu yfir stöðu lykilverkefna.

Gleðilega hátíð!

Heimastjórnin á Djúpavogi



FRÁ SKÓGRÆKTARFÉLAGI DJÚPAVOGS



Við höldum upp á 70. ára afmæli Skógræktarfélags Djúpavogs 17. september 2022 með tertu og grilli og opnuðum Pödduhótel sem krakkarnir í 7. og 8. bekk höfðu hannað og smíðað.

Viku seinna gekk svo yfir þvílíkt rok að Hálsaskógur er í rúst eftir, tré rifnuðu upp með rótum eða brotnuðu og það var hættulegt að vera þarna á ferðinni. Strax var spáð og spékúlerað hvað við gætum gert til að gera skóginn aftur aðgengilegan og hættulausan.

Skógarhöggsmáður byrjaði fyrir jól 2022 að vinna í skóginum og saga niður tré sem voru á skakk og skjön og hingu í næstu trjám og gátu fallið við minnstu hreyfingu. Hann var við vinnu þegar veður leyfði fram að páskum.

Nú á að vera óhætt að fara í gönguferð án þess að vera í stórhættu. Það er búið að draga trjáboli og stórar greinar út úr skóginum, það voru tveir aðilar af héraði sem sáu um það verk.

Þetta hefur verið mjög kostnaðarsamt fyrir lítið Skógræktarfélag, en við höfum verið að safna styrkjum til að borga þetta.

Skógræktin styrkti okkur með vinnuframlagi, sendi 3 menn í 3 daga og Múlaþing styrkti okkur líka með vinnuframlagi. Villi Ben styrkti okkur eins og oft áður. Við færum þeim bestu þakkir fyrir.

Cittaslow sunnudagur var haldinn í Hálsaskógi í haust, þar kom hraust fólk og vann við hreinsun og annað sem þurfti. Seinna um daginn var dagskrá fyrir krakka. Þar var margt um manninn og ýmislegt smíðað og tálgað. Þetta var mjög skemmtilegur og góður dagur en við hefðum viljað fá fleiri til að hjálpa okkur.

Þegar fer að vora ætlum við að auglýsa annan vinnudag og halda áfram að gera Hálsaskóg aftur að útivistarparadís.

Töfratréd mætti í Hálsaskóg á Dögum myrkurs. Margir krakkar og fullorðnir komu í skóginn vopnuð vasaljósum og leituðu að Töfratrénu. Ljós og draugar voru víðsvegar í skóginum og svo var boðið upp á kakó og piparkökur.


Fyrir hönd stjórnar Skógræktarfélags Djúpavogs
Anna Sigrún formaður

Ef þið viljið styrkja Skógræktarfélagið er bankanúmerið

Banki 0169-05-1952

Kennitala 491193-2049

Á HVAD ERTU AÐ HLUSTA, HORFA, LESA



Natan Leó

Það er ekkert sérstakt sem ég hlusta á þessa dagana nema bara tónlistina í útvarpinu.

Ég er að horfa á nýju seríuna af raunveruleikapáttunum Survivor og svo þættina *The Last of Us*. Ég er ekkert að lesa neitt sérstakt núna. Nema bara fyrir Leó strákin minn á kvöldin. Við erum að lesa bækurnar um Fróða sóða og *Handbók fyrir ofurhetjur*. En ef ég les fyrir sjálfan mig þá rýni ég í skák bækur.

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA Í FYRIRTÆKINU?

VIÐ VOGINN

Á næsta ári hefur Við Voginn verið rekið í 35 ár í þeirri mynd sem það er í dag og við að keyra í 8 árið okkar. Það hafa svo sannarlega verið vendingar í rekstrinum frá byrjun og líka frá því að við tókum við honum. Nú stöndum við á tímamótum og ætlum að nýta okkur rólega tíð og „taka aðeins til“ hjá okkur bæði í rekstrinum og innanhúss.

Þessi átta ár hafa verið einstaklega lærdómsrík og skemmtileg. Við höfum verið með fjöldann allan af yndislegu fólki í vinnu hjá okkur þó að flestir hafi stoppað stutt við hjá okkur en þeir segja mér það reynsluboltarnir að svona sé þessi bransi. Það væri vissulega mikill léttir ef við gætum haft starfsfólk hjá okkur í vinnu sem kallar Djúpavog heimili sitt allt árið um kring.

Við höfum þreifað fyrir okkur með allskonar viðburði og fengið mjög góð viðbrögð hjá heimafólki. Tónleikar, brunch, þorra-villibráða- og jólahlaðborð, áramótadansleikir, spilakvöld, föndurkvöld, pub quiz, bío, diskó og svo má ekki gleyma EM í fótbolta sem sýnt var á skjánum og smekk fullt út að dyrum alla leiki.



Það er ekki hægt að reka svona fyrirtæki nema með heimafólkinu og það á jafnt við um þá sem mæta á skipulagða viðburði og þá sem versla við okkur og svo allir þeir dásamlegu einstaklingar sem stökkva til og aðstoða þegar eitthvað kemur uppá. Já! Það er nefnilega þannig að það líður varla dagur að ekki þurfi að ditta að og þá er gott að hafa góðan hóp í kringum sig. Við höfum verið einstaklega heppin og erum ævinlega þakklát þeim sem hafa verið með okkur í liði til að láta þetta ganga upp.

Núna erum við að setja saman plan fyrir næsta ár og förum að auglýsa eftir starfsfólki. Við hvetjum heimafólk til að sækja um, okkur vantar rekstrarstjóra, starfsfólk í almenn þjónustustörf og ástríðukokk sem dæmi.

Fyrirtækið er til sölu og er þetta vissulega frábært atvinnutækifæri fyrir duglega og ævintýragjarna einstaklinga.

Í lokin langar okkur að þakka fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða, megi þið öll eiga yndislega jólahátíð og gleðilegt og gæfuríkt nýtt ár.

Kveðjur frá Við voginn,
Rán

**ICE FISH FARM ÓSKAR ÍBÚUM
DJÚPAVOGSHREPPS & LANDSMÖNNUM
ÖLLUM GLEÐILEGRA JÓLA & FARSÆLDAR
Á KOMANDI ÁRI.
ÞÖKKUM SAMSKIPTIN Á LIÖNU ÁRI**




**ICE FISH
FARM**

HRÓSIÐ



Guðmundur Traustason

Ég vil hrósa Þebu fyrir að umbera mig í öll þessi ár og skora á Jóhann Hjaltason að koma með hrós næst.



Baldur Sigurðsson

Ég vil hrósa Hvolpasveitinni hans Egils fyrir vel unnin störf í sumar. Ég skora á Kristinn Pétursson að koma með næsta hrós.



Birgir Thorberg

Ég vill hrósa Snæbirni fyrir einstaka þjónustulund og hjálpssemi og skora á Arnór Magnússon að hrósa næst.



Askur Egilsson

Mitt hrós fá vinirnir Sigurjón Stefánsson og Nökkvi Sigrúnarsson fyrir að vera góðir trúnaðarvinir. Einnig fær Baldur Sigurðsson mitt hrós fyrir ótrúlega þolinmæði sem hann hefur sýnt tengdaföður sínum. Ég vil skora á hana Guðnýju Ingimundardóttur að gefa sitt hrós í næsta blaði Bóndavörðunnar.

FRÁ UNGLINGUNUM Í ZION

Félagsmiðstöðin byrjaði á sama tíma og skólinn og við erum búin að vera dugleg í því að skipuleggja það sem okkur langar til þess að gera í vetur. Flest hefur gengið vel og verið skemmtilegt. Þar má til dæmis nefna:

- JanúLan - Tölvuleikjamót
- Hot ones - Chilisósukvöld
- Bíókvöld
- Halloween ballið á Egilsstöðum
- Draugahúsið á Dögum myrkurs

Drátt fyrir að það sé margt skemmtilegt að gerast í Zion þá er líka margt sem okkur finnst vanta í bæinn okkar til þess að gera hann betri fyrir ungt fólk.

Okkur langar að aðstaða til íþróttaiðkunnar sé stórbætt. Það má gera með ýmsum hætti.

- Yfirbygging sparkvallar svo hægt sé að nýta hann allt árið um kring.
- Stækkun líkamsræktarstöðvar inn á ljósabekkjarkerbergið og saunu.
- Betri lýsingu á Neistavelli
- Girðingu í kringum körfuboltavöllinn

Við þökkum fyrir að fá að skrifa pistil í Bóndavörðuna og viljum enda á þessari tilvitnun úr tölvuleiknum Fortnite til innblásturs

“The longer you stay alive the smaller the circle gets”

-Fortnite

Unglingar Djúpvogs.

Á HVAD ERTU AÐ HLUSTA, HORFA, LESA



Helga Rún Guðjónsdóttir

Þegar ég er ekki að lesa námsefni eða hlusta á fyrirlestra þá er ég að hlusta á seríu Sólveigar Pálsdóttur um Guðgeir lögreglumann. Ég horfi lítið á sjónvarp en viðurkenni blygðunarlaust að ég missi ekki af *Bachelor in Paradise!*

KRAKKASÍÐUR BÓNDAVÖRÐUNNAR


Hjálpaðu hreindýrinu að finna sveínka



Lítaðu myndina eftir númerum



Jóla-krossgáta



Lárétt

1. orð yfir það þegar fjölskyldan er öll saman
4. oft borðað á jólnum
6. undir jólatrénu leynast þeir, því fleiri því betral
7. fellur af himni í desember
8. dagarnir fram að jólnum

Lóðrétt

1. á jólnum er hefð að allir séu klæddir í...
2. heyrir í útvarpinu í desember
3. flestir baka nóg af svona fyrir jólin
5. færa okkur gjafir í skó
7. sett á ljósastaura, tré, hús og í glugga

Hálpaðu sveinka
að finna sledann sinn



Hvaða tvær könnur
eru eins?



TRYGGVABÚÐ

óskar Djúpanogsbúum gleðilegrar hátíðar &
þakkar samveru á liðnu ári



Tryggvabúð er félagsmiðstöð eldri borgara sem opin er öllum 60 ára & eldri.

Þar fer fram félags- og tómstundastarf & dagdvöl.

Heimalagaður hádegisverður & nýbakað með kaffinu

OPIÐ MÁNUDAGA, MIÐVIKUDAGA & FIMMTUDAGA



ÞAU SEM ERU MEÐ SAMÞYKKTA
DAGDVÖL Í TRYGGVABÚÐ GETA KEYPT
HÁDEGISMAT Á OPNUNARDÖGUM



VÖFFLUKAFFI ALLA MIÐVIKUDAGA
FYRIR ÖLL SEM VILJA, EKKI BARA 60+
600KR.

2023 Desember



SAMVERUDAGATAL

Mán	Pri	Mið	Fim	Fös	Lau	Sun
27	28	29	30	1 Hvert og eitt gerir sína föstudags-pizzu	2 Gera trölladeig og fönndra jólaskraut	3 Gönguferð í myrkrinu með vasaljós
4 Skella sér í sund eftir skóla og leikskóla	5 Fara á jóla-markað í Löngubúð	6 Jóla-föndur	7 Börnin velja kvöldmatinn og aðstoða við matseld	8 Setja negulnagla í mandarínur & finna jólailminn	9 Poppa & horfa á jólamynd	10 Fara & kaupa jólatré í Skógræktinni
11 Fara í fótbolta á sparkvellinum	12 Fara á bókasafnið og ná í jólabók	13 Skella sér á jólatónleika tónskóla Djúpavogs	14 Kveikja á kertum og lesa saman bók	15 Líta upp frá jólastressinu & fara á ærslabelginn og leikkastalann	16 Baka smákökur & skella sér í Notó	17 setja á jólatónlist og púsla
18 Skreyta pípar-kökur	19 Taka upp perlurnar & perla	20 Lita jóla-myndir	21 Fá sér heitt kakó & hlusta saman á jólasögu	22 Smakka skötu í Löngubúð	23 Fara í bíltúr & skoða jólaljósin	24
25	26	27	28	29	30	31

